



FISKISTOFA
TRAUST · FRAMSEKNI · VIRÐING

Ársskýrsla 2018

Efnisyfirlit

1. Formáli fiskistofustjóra • 3
Stefnumótun málaflokka 2018–2020 • 4
2. Upplýsingagjöf og samstarf • 9
3. Veiðileyfi og aflaheimildir • 10
4. Afli, kvótaávilnanir og aflaverðmæti • 15
5. Eftirlit • 19
6. Útflutningur • 23
7. Lax- og silungsveiði • 25
8. Meðferð mála • 28
9. Álagning og innheimta • 29
10. Mannauður • 30
11. Upplýsingatækni • 32
12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2018 • 33
13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2018 • 36



Fiskistofa er sjálfstæð stjórnáslustofnun sem heyrir undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti og gegnir mikilvægu hlutverki við að stuðla að ábyrgri og hagkvæmri nýtingu fiskistofna.

Hlutverk Fiskistofu er að annast framkvæmd laga og reglna um stjórn fiskveiða í sjó og fersku vatni. Stofnunin annast stjórnáslu og eftirlit ásamt söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga um sjávarútveg, lax- og silungsveiðar og hvalveiðar.

Fiskistofa apríl 2019

Ljósmyndir: Sumarliði Óskarsson

Umbrot: Egill Baldursson ehf

1. Formáli fiskistofustjóra


Hlutverk Fiskistofu er að gæta hagsmuna þjóðarinnar við sjálfbæra nýtingu auðlinda hafs og vatna. Ábyrg umgengni um sameiginlega auðlind þjóðarinnar í hafinu, sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu, á að vera forgangsmál. Þar fara saman hagsmunir sjávarútvegsins, stjórnvalda og þjóðarinnar allrar. Fiskistofa er ein af mikilvægustu undirstöðum þessa. Eftir umrót og breytingar liðinna ára hefur Fiskistofa endurskoðað og skilgreint upp á nýtt hlutverk sitt og meginstöðir starfseminnar. Einnig hefur verið sett fram skýr framtíðarsýn og metnaðarfull sóknaráætlun til 2022. Þar spilar gagnsæi, miðlun upplýsinga og rekjanleiki stórt hlutverk.

Gagnsæi er grunnstoð í fiskveiðistjórnun Íslendinga og er undirstaða árangurs og trausts í starfsemi Fiskistofu. Til þess að rækja hlutverk sitt sem best beitir Fiskistofa margvíslegum aðferðum og má í því sambandi nefna samvinnu við útgerðir og fiskvinnslur, áhættugreiningu og aðgengi allra að upplýsingum um veiðar og afla. Um nokkurt skeið hefur Fiskistofa birt á heimasíðu sinni yfirlit yfir hlutfall kælimiðils í afla við endurvigtun og auðkennt þær vigtanir sem eftirlit hefur verið með. Þar er um að ræða myndræna birtingu á upplýsingum sem fyrir liggja hjá stofnuninni. Eftir að Fiskistofa hóf að birta slíkar samanburðarniðurstöður hafa frávik minnkad, sem bendir til þess að opinber birting upplýsinganna hafi bæði varnaðaráhrif og veiti aðhald.

Skýrar og auðskiljanlegar upplýsingar eru ekki síst til þess fallnar að auka vitund um leiðir til að bæta nýtingu auðlindarinnar og stuðla að upplýstri umræðu. Slíkar upplýsingar eru gagnlegar opinberum aðilum og fjölmiðlum en einnig aðilum í sjávarútvegi til að undirbyggja umræðu á skýrum og einföldum staðreyndum sem stafa frá stjórnvöldum. Fiskistofa stefnir að því að auka birtingu upplýsinga um niðurstöður eftirlits. Sem dæmi má nefna myndræna framsetningu á upplýsingum um aflasamsetningu um borð í skipi þegar eftirlit er viðhaft borið saman við veiðiferðir þegar eftirlit er ekki til staðar.

Ríkisendurskoðun vann á árinu 2018 ítarlega og vandaða úttekt á eftirliti Fiskistofu með brottkasti, vigtun og skráningu sjávaraflla og samþjöppun aflaheimilda. Niðurstöður þær sem fram koma í skýrslu Ríkisendurskoðunar staðfesta margt það sem Fiskistofa hefur áður vakið athygli á, þ.e. að aukinn mannafla þurfi til að sinna eftirliti á vettvangi, endurskoða þurfi löggjöfina með tilliti til viðurlaga sem hafa varnaðaráhrif. Þá er augljóst af

niðurstöðum skýrslunnar að huga þarf að nýjum leiðum til að halda uppi viðunandi eftirliti með umgengni um fiskveiðiauðlindina og nýtingu hennar. Í því sambandi má t.d. horfa til eftirlits með myndavélum um borð í veiðiskipum, en margra ára tilraunaverkefni, t.d. í Danmörku, hefur sýnt fram á að það er hagkvæm, árangursrík og skilvirk leið til halda uppi eftirliti sem hefur augljós varnaðaráhrif og veitir aðhald. Við þurfum að líta til reynslu og þekkingar annarra og taka upp þær aðferðir sem sannað hafa gildi sitt.



Fiskistofa er fyrst og fremst mannauðurinn sem stofnunin býr að. Undanfarin ár hefur verið lögð rík áhersla á að styrkja innviði og byggja upp sterka liðsheil og er óhætt að segja að vel hefur tekist til. Fiskistofa heldur uppi reglubundnum árangursmælingum og vinnur markvisst með þær upplýsingar sem þar koma fram. Og árangurinn hefur ekki látið á sér standa. Á myndinni hér að ofan má sjá hvernig heildareinkunn Fiskistofu í könnuninni „Stofnun ársins“ hefur hækkað hratt og örugglega undanfarin ár. Heildareinkunin endurspeglar þróun þeirra þátta sem mældir eru, eins og starfsandi, stjórnun og ánægja og stolt svo dæmi séu nefnd. Einkunn allra þátta hefur hækkað. Að sama skapi hefur Fiskistofa klifrað hratt og örugglega upp listann yfir „Stofnun ársins“, frá 74. sæti árið 2015 og upp í 7. sæti árið 2018. Einnig má sjá jákvæð teikn á lofti í viðhorfsmælingum meðal almennings en Fiskistofa hefur stigið upp á við í mælingum sem Maskína gerir árlega. En betur má ef duga skal. Næsta skref er að vinna markvisst að því að styrkja og bæta ímynd stofnunarinnar, bæði meðal almennings en ekki síður á meðal aðila í sjávarútvegi.

Akureyri, febrúar 2019

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Stefnumótun málaflokka 2018–2020

Hlutverk Fiskistofu er að gæta hagsmuna þjóðarinnar við sjálfbæra nýtingu auðlinda hafs og vatna. Ábyrg umgengni um sameiginlega auðlind þjóðarinnar í hafinu, sem stuðlar að sjálfbærri nýtingu, á að vera forgangsmál. Þar fara saman hagsmunir sjávarútvegsins, stjórnvalda og þjóðarinnar allrar. Fiskistofa er ein af mikilvægustu undirstöðum þessa. Eftir umrót og breytingar liðinna ára hefur Fiskistofa endurskoðað og skilgreint upp á nýtt hlutverk sitt og meginstöðir starfseminnar. Einnig hefur verið sett fram skýr framtíðarsýn og metnaðarfull sóknaráætlun til 2022. Þar spilar gagnsæi, miðlun upplýsinga og rekjanleiki stórt hlutverk.

Fiskistofa lagði fram í nóvember 2017 stefnumótun 2018–2020, sem byggði á stefnumótun Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins þar sem lögð var áhersla á að ná stöðugleika eftir flutning höfuðstöðva stofnunarinnar. Uppbygging hefur gengið vel og innviðir og mannauður sífellt að styrkjast þrátt fyrir aukna dreifingu starfseminnar.

Helstu áherslur Fiskistofu eru að vinna upp tækniskuld fyrri ára, efla áhættumiðað eftirlit, auka rafræna stjórn-sýslu og skilvirkni. Skráningar séu vandaðar og upplýsingar séu áreiðanlegar, að rekjanleiki sjávarafurða frá veiðum til neytenda sé mögulegur og ekki síst að veita fljóta og örugga þjónustu. Þau verkefni sem Fiskistofa vinnur að og stefnir á miðast að því að bæta nýtingu allra aðfanga og stuðla að bættu umhverfi s.s. með minni pappírnotkun o.fl.

Hér að neðan er upptalning á helstu umbótaverkefnum sem unnin voru á árinu 2018. Ljóst er að sum þessara verkefna voru mjög umfangsmikil og tímafrek. Að uppfylla nýja persónuverndarlöggjöf er dæmi um slíkt verkefni, en vissulega má finna samlegðaráhrif af þeirri vinnu með t.d. innleiðingu á upplýsingaöryggisstaðlinum 27001.

Helstu umbótaverkefni unnin á árinu 2018:

- Innleiðing á nýju skjalavistunarkerfi, Workpoint. Tekið í gagn 1.1.2018.
- Innleiðing á CCQ gæðastjórnunarkerfinu sú vinna langt komin og lýkur á árinu 2019.
- Stefnumótun Fiskistofu 2018–2022.
- Kennsla og innleiðing á 4DX aðferðarfræðinni, fyrstu verkefnið keyrð eftir 4DX í ársbyrjun 2019.
- Undirbúningur jafnlaunavottunar, forúttekt fór fram í árslok 2018.
- Innleiðing á nýrri persónuverndarlöggjöf, gerð vinnsluskraa og kortlagning verkefna fyrsti hluti. Gerð verkefnaáætlunar fyrir annan hluta sem

snýr að stærstum hluta að upplýsingaöryggi og upplýsingatækni Fiskistofu.

- Afladagbókarforrit unnið áfram og prófað.
- Undirbúningur að innleiðingu Sharepoint.
- Undirbúningur að því að reikningar og póstur birtist viðskiptavinum á Island.is.
- Undirbúningur að umsóknargátt á Island.is.
- Unnið með Stafrænu Íslandi að innleiðingu og skilgreiningu á tækniarkitektúr sem nýtt myndi opinberum stofnunum.
- Undirbúningur að því að koma brotamálagátt inn í Workpoint.
- Undirbúningur fyrir uppskiptingu á tækni-umhverfi Hafró og Fiskistofu.

Á næstu síðum er svo farið yfir þær aðgerðir sem tilgreinar voru í markmiðum í stefnu ríkisaðila á A-hluta 2018–2020 sem lögð voru fram í lok árs 2017. Farið er yfir hver staða hvernar aðgerðar er, hver var áætlaður kostnaður aðgerðarinnar og að lokum raunkostnaður eftir því sem hægt er. Einnig er bætt við upplýsingum um verkefni sem ekki voru sérstaklega tilgreind í stefnu ríkisaðila en höfðu í för með sér talsverðan kostnað.

Aðgerðir í samræmi við stefnu ríkisaðila í A-hluta sbr. 31. gr. laga um opinber fjármál.

Kjarnastarfsemi:

Markmið 1 — Bæta/auka rekjanleika

Afladagbók — smáforrit fyrir smábáta.

Verkefnið er í fullum gangi. Skrifu þarf viðbætur við smáforritið til að tryggja rekjanleika breytinga í afladagbókinni svo veiðieftirlit geti fylgst með hvort og hvenær breytingar eru gerðar. Smáforritið verður í framtíðinni einnig hlekkur í að bæta rekjanleika afurða allt frá veiðum. Uppfærð áætlun gerir ráð fyrir innleiðingu á árinu 2019 og hlutfall notenda verði komið í 85% í lok árs 2019.

- **Rafræn skil endurvigtunar**

Verkefnið hófst árið 2017 en lá aðeins í dvala á árinu 2018 og fór aftur af stað seinna en áætlað var eða í árslok 2018.

- **Samþætt (GAFL/VOR) veiðivottorðakerfi**

Drög að greiningu um hvernig kerfið gæti litið út eru tilbúin en verkefnið er ekki hafið að öðru leiti.

- **Samhæfing upplýsingakerfa stjórnvalda um veiðar, vinnslu og útflutning.**

Kjarnastarfsemi		Áætlaður kostnaður	Raun- kostnaður	Mismunur
Verkefni				
Markmið 1 — bæta/auka rekjanleika				
	Vinna innanhúss 100 klst @ 17.200,- Aðkeypt vinna við forritun, Stokkur Gerð kynningarmyndbands, Tjarnargata		1.720.000 11.592.251 354.640	
Samtals	Rafræn skil endurvigtunar	7.000.000	13.666.891	6.666.891
	Undirbúningsvinna 30 klst @ 17.200,-	2.500.000 516.000		
Samtals		2.500.000	516.000	-1.984.000
	Samþætt (GAFL/VOR) veiðivottorðakerfi	1.500.000		
	Enginn kostnaður féll á verkið		0	
Samtals		1.500.000	0	-1.500.000
	Samhæfing upplýsingakerfa stjórnvalda um veiðar, vinnslu og útflutning	500.000		
	Enginn kostnaður féll á verkið		0	
Samtals		500.000	0	-500.000
Samtals markmið 1		11.500.000	14.182.891	2.682.891

Verkefnið er ekki hafið en áætlað að byrja á árinu 2019.

Markmið 2 — Auka/bæta rafræna þjónustu og draga úr pappírnotkun

- Rafrænar millifærslur milli óskyldra aðila

Verkefninu er lokið á árinu 2017 og var markmiðið að 95% millifærslna milli óskyldra aðila færu í gegnum rafrænt kerfi á árinu 2018. Rauntölur ársins 2018 eru 85%. Kostnaður vegna verkefnisins var enginn á árinu.

- Nýtt skjalakerfi sem styður rafræn skil til Þjóðskjalasafns

Skjalakerfið var tekið í notkun 1.1.2018. Í innleiðingarferlinu voru haldin tvö námskeið sem þjónustuaðili sá um. Að auki voru sérfræðingar Fiskistofu með námskeið fyrir einstaka starfsmenn. Umsókn um rafræn skil var skilað til Þjóðskjalasafns og í lok árs 2018 var verið að svara síðustu athugasemdum safnsins og skila inn viðbótargögnum. Með nýju skjalakerfi er dregið verulega úr pappírnotkun þar sem ekki þarf lengur að

prenta öll gögn út og pakka til Þjóðskjalasafns. Einnig sparast umtalsverðir fjármunir þar sem ekki þarf að leigja skjalageymslur. Verið er að slípa kerfið til og gera lítilsháttar breytingar.

- Vefvæðing skýrsluskila frá vinnsluskipum.

Kerfið hefur verið endurritað og tekið út úr eldri kerfum (AUK). Enn er eftir að koma á rafrænni gátt fyrir skipstjórnarmenn til að skila inn gögnum um nýtinguna. Sú vinna fer því enn fram hjá Fiskistofu. Kerfið hefur verið þróað þannig að það er orðið samhæft við vigtar- og ráðstöfunarkerfi Fiskistofu svo að gögnin úr því falla rafrænt saman við og inn í gagngrunna um aflaverðmæti og ráðstöfun. Verkefnið var undir kostnaðaráætlun 2018 en gera má ráð fyrir að verkefnið fari umfram kostnaðaráætlun árið 2019 þar sem vinna við rafræna gátt fellur á árið 2019 í stað 2018.

Markmið 3 — Styðja við áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi, tryggja rétta framkvæmd og eftirfylgni við alþjóðlega samninga og milliríkjasamninga

Kjarnastarfsemi		Áætlaður kostnaður	Raun- kostnaður	Mismunur
Verkefni				
Markmið 2 — Auka/bæta rafræna þjónustu og draga úr pappírnotkun				
	Nýtt skjalakerfi sem styður rafræn skil til Þjóðskjalasafns	5.000.000		
	Vinna innanhúss 250 klst @ 17.200,- Flug og dagpeningar v. kynninga og kennslu Spektra leyfisgjöld Spektra útseld þjónusta		4.300.000 150.000 3.719.598 360.360	
Samtals	Vefvæðing skýrsluskila frá vinnsluskiptum	5.000.000	8.529.958	3.529.958
	Vinna innanhúss 80 klst @ 17.200,-	3.000.000	1.376.000	
Samtals		3.000.000	1.376.000	-1.624.000
Samtals markmið 2		8.000.000	9.905.958	1.905.958

Kjarnastarfsemi Verkefni	Áætlaður kostnaður	Raun- kostnaður	Mismunur
Markmið 3 — Stýðja við áhrif Íslands í alþjóðlegu samstarfi, tryggja rétta framkvæmd og eftirfylgni við alþjóðlega samninga og milliríkjasamninga			
Þátttaka í erlendu samstarfi í takt við ábyrgð Fiskistofu	8.000.000		
Flug og fargjöld erlendis		3.277.427	
Dagpeningar erlendis		5.819.491	
Samtals	8.000.000	9.096.918	1.096.918
Ferla verklag í gæðakerfi v. framkvæmdar samninga og hafnríkjaeftirlits	3.000.000		
Vinna innanhúss 20 klst @ 17.200,-	0	344.000	
Samtals		344.000	344.000
Samtals markmið 3	8.000.000	9.440.918	1.440.918

Kjarnastarfsemi Verkefni	Áætlaður kostnaður	Raun- kostnaður	Mismunur
Markmið 5 — Auka forvarnir og skilvirk eftirlit			
Þróa / finna rafrænt skráningarkerfi f. markvissara áhættumat	2.000.000		
Enginn kostnaður féll á verkið		0	
Samtals	2.000.000	0	-2.000.000
Þróa og framleiða leiðbeiningar/fræðsluefni til forvarna	300.000		
Enginn kostnaður féll á verkið		0	
Samtals	300.000	0	300.000

- Þátttaka í erlendu samstarfi í takt við ábyrgð Fiskistofu.

Sóttir voru all nokkrir fundir erlendis á grundvelli alþjóða- og milliríkjasamninga um fiskveiðistjórnun sem falla undir hlutverk Fiskistofu.

- Ferla verklag í gæðakerfi v. framkvæmdar samninga og hafnríkiseftirlits

Búið er að ferla verklagið og skrá í gæðakerfi Fiskistofu CCQ. Verkefninu telst því lokið en fellur inn í innra eftirlit og stöðugar umbætur gæðakerfis í framtíðinni. Ekki var áætlaður kostnaður vegna þessa þáttar í stefnuskjali en haldið var utan um kostnað vegna þessa. Því var talið rétt að láta rauntölur fylgja með.

Markmið 4 — Endurskoða lög og reglur um stjórn fiskveiða (ekki á forræði Fiskistofu)

Markmið 5 — Auka forvarnir og skilvirk eftirlit

- Þróa / finna rafrænt skráningarkerfi f. markvissara áhættumat.

Verkefnið fór ekki af stað á árinu 2018 eins og áætlað var. Fjölgun eftirlitsþátta er lúta áhættumati er eitt af þeim verkefnum sem fór af stað í ársbyrjun 2019. Í framhaldinu verður því mikilvægara að þróa eða finna rafrænt skráningakerfi og er gert ráð fyrir því að sú vinna fari í gang á árinu 2019. Ekki var því um neinn raunkostnað að ræða en gera má ráð fyrir að kostnaður á árinu 2019 verði hærri en áætlun gerð ráð fyrir þar sem verkefnið fer seinna af stað

- Þróa og framleiða leiðbeiningar / fræðsluefni til forvarna

Undirbúningur að verkefninu fór fram á árinu 2018 en verður að mestu unnið á árinu 2019 og 2020. Raunkostnaður var óverulegur en gera má ráð fyrir að áætlaður kostnaður ársins 2019 verði hærri sem því nemur.

Kjarnastarfsemi Verkefni	Áætlaður kostnaður	Raun- kostnaður	Mismunur
Afladagbók — smáforrit fyrir smábáta	7.000.000	13.666.891	6.666.891
Rafræn skil endurvigtunar	2.500.000	516.000	-1.984.000
Samþætt (GAFL/VOR) veiðivottorðakerfi	1.500.000	0	-1.500.000
Samhæfing upplýsingakerfa stjórnvalda um veiðar, vinnslu og útflutning	500.000	0	-500.000
Nýtt skjalakerfi sem stýður rafræn skil til Þjóðskjalasafns	5.000.000	8.529.958	3.529.958
Vefvæðing skýrsluskila frá vinnsluskipum	3.000.000	1.376.000	-1.624.000
Þátttaka í erlendu samstarfi í takt við ábyrgð Fiskistofu	8.000.000	9.096.918	1.096.918
Þróa/finna rafrænt skráningarkerfi f. markvissara áhættumat	2.000.000	0	-2.000.000
Þróa og framleiða leiðbeiningar/fræðsluefni til forvarna	300.000	0	3.385.767
Samtals	29.800.000	33.185.767	3.385.767

Verkefni	Áætlaður kostnaður	Raun-kostnaður	Mismunur
Ferla verklag í gæðakerfi v. framkvæmdar samninga og hafnaríkjaeftirlits	0	344.000	344.000

Samantekinn kostnaður aðgerða kjarnastarfsemi alls á árinu 2018

Verkefni sem báru kostnað en voru ekki talin upp á áætlun á árinu 2018.

Rekstrarþættir:

Ekki var sett kostnaðaráætlun fyrir öll markmið undir kaflanum Rekstrarþættir. Þau markmið sem hafa áætlaðan kostnað eru sérstaklega skoðuð m.t.t. raun-kostnaðar. Einnig eru stór verkefni s.s. innleiðing á nýju gæðakerfi og nýrrar persónuverndarstefnu sem báru talsverðan kostnað tilgreind sérstaklega.

Markmið 1 — Að Fiskistofa sé eftirsóknarverður vinnustaður.

- Starfsþróunarstefna verði innleidd — Lokið.
- Skýr launastefna, frammistöðumat og launaþróun byggð á frammistöðumati — Lokið.
- Virk starfsþróunaráætlun gerð fyrir hvert ár, fjármagnað a.m.k. 50% með styrkjum — í gangi.
- Áfram verði unnið með jákvæð samskipti og gott starfsumhverfi fyrir alla — í gangi.
- Staðall um jöfn laun innleiddur og sótt um vottun.

Á árinu 2018 fór fram umfangsmikil vinna við undirbúning að innleiðingu og vottun jafnlaunastaðals. Í árslok 2018 fór fram fyrri hluti úttektar til jafnlaunavottunar og var það BSI sem tók út vinnuna. Niðurstaða fyrri hluta úttektar var mjög góð. Alls voru það átta minni háttar frávík sem komu fram og aðeins þurfti að gera lítilsháttar breytingar á orðalagi skjala. Lokaúttekt fór síðan fram í upphafi árs 2019 og lauk henni án athugasemda.

- Unnið með ímynd bæði út á við og inn á við

Fiskistofa tók þátt í Lýsa — Rokkhátíð samtalsins á Akureyri í september 2018. Notað var kynningarefni frá síðustu sjávarútvegssýningu. Einnig var virkjaður Facebook aðgangur þar sem settur hefur verið inn ýmiss fróðleikur og fréttir frá störfum Fiskistofu, 3ja manna hópur starfsmanna fundar u.þ.b. vikulega í 15 mín og setur inn efni.

Markmið 2 — Framúrskarandi fjármálastjórn

- Gerðar verði endurnýjunaráætlanir og uppfærðar árlega til að draga úr sveiflum í rekstrarkostnaði. Um er að ræða búnaðaráætlanir s.s. tölvur. — Lokið.
- Rekstrargrundvöllur Fiskistofu verði tryggður og brugðist í tíma við, ef hann reynist ekki innan fjárheimilda. — Stofnunin er ekki full fjármögnuð.
- Tvöfalt uppáskriftarkerfi og aukin ábyrgð stjórnenda að halda áætlanir og eftirlit með útgjöldum — Lokið.
- Hagkvæm innkaup og þátttaka í rammamningum og örútboðum. — Í gangi.
- Ferli við innra eftirlit formgert — Vinna hafin og lokið hvað varðar jafnlaunakerfi.
- Áætla í ríkara mæli niður á mánuði, byggt á þekkingu og reynslu — Hafid að hluta.
- Þriggja mánaða uppgjör gerð og kynnt stjórnendum. — Lokið.

Markmið 3 — Skilvirkir, skýrir og uppfærðir ferlar

- Áfram verður leitað leiða til að nýta tæknina til að einfalda verkferla s.s. ferli sem snúa að Fjársýslu ríkisins. — Í gangi.
- Innleitt verður nýtt gæðakerfi

Rekstrarþættir			
Verkefni	Áætlaður kostnaður	Raun-kostnaður	Mismunur
Markmið 1 — að Fiskistofa sé eftirsóknarverður vinnustaður			
Staðall um jöfn laun innleiddur og sótt um vottun	10.000.000		
Vinna innanhúss 500 klst @ 17.200,-		8.600.000	
Aðkeypt ráðgjöf, Capacent		1.227.175	
Aðkeypt úttekt vottunaraðila, BSI		189.000	
Samtals	10.000.000	10.016.175	16.175
Unnið með ímynd bæði út á við og inn á við	1.000.000		
Þátttökukostnaður Lýsa		25.000	
Flug- og dagpeningar v. Lýsa		48.500	
Vinna innanhúss v. Lýsa 32 klst @ 17.200,-		550.400	
Vinna innanhúss v. Facebook 35 klst @ 17.200,-		602.000	
Samtals	1.000.000	1.225.900	225.900

Verkefni	Rekstrarþættir		
	Áætlaður kostnaður	Raun-kostnaður	Mismunur
Innleitt verður nýtt gæðakerfi	0		
Vinna innanhúss 1.000 klst @ 17.200, CCQ leyfi, greiðslur til Origo		17.200.000 468.720	
Samtals	0	17.668.720	17.668.720

Á árinu var mikill kraftur settur í það að yfirfara eldri gæðaskjöl og flytja yfir í nýja gæðahandbók. Er reiknað með að í árslok 2019 verði öll svið komin með sína ferla skráða og áætlun um innri úttektir liggi fyrir 3 ár fram í tímann. Innri úttektir hófust 2018 skv. kröfum jafnlaunastaðals og rýni stjórnenda hefur farið fram skv. honum. Ekki var tilgreindur áætlaður kostnaður vegna þessa verkefnis í stefnu ríkisaðila en rétt er að setja fram upplýsingar um kostnað á árinu 2018.

- **Innleiðing stjórnkerfis upplýsingaöryggis skv. ISO 27001** — vinna ekki hafin, enda hljóðar áætlun upp á að sú vinna hefjist 2019.
- **Samantekinn kostnaður aðgerða kjarnastarfsemi alls á árinu 2018**

Verkefni sem bar talsverðan kostnað en var ekki talið upp í áætlun fyrir árið 2018.

- **GDPR** — Verkefni sem ekki var sett fram í áætlun en hafði í för með sér talsverðan kostnað

er innleiðing nýrrar persónuverndarlöggjafar og gerð vinnsluskráa o.fl. sem krafist er skv. nýrri löggjöf. Hófst sú vinna í ársbyrjun 2018. Verkefnastjóri gæða- og þróunarmála og persónuverndarfulltrúi lögðu mikla vinnu í kortlagningu á öllum verkefnum Fiskistofu og gerð vinnsluskráa. Nutu þær einnig aðstoðar nánast allra starfsmanna Fiskistofu á einhverjum tímamarki við það verkefni. Áður en verkefnið hófst var gerð verkefnisáætlun sem innihélt m.a. kostnaðar og tímaáætlun. Áætlaður kostnaður í töflunni hér að neðan er því kostnaðartölur úr verkefnisáætluninni en ekki frá stefnu ríkisaðila. Í lok árs var einnig unnin verkefnisáætlun að næsta skrefi til að mæta kröfum löggjafarinnar að fullu og tengist sú vinna gagnaöryggismálum og þar með innleiðingu stjórnkerfis upplýsingaöryggis skv. ISO 27001 sem áætlað er á árinu 2019.

Verkefni	Rekstrarþættir		
	Áætlaður kostnaður	Raun-kostnaður	Mismunur
Markmið 1 — að Fiskistofa sé eftirsóknarverður vinnustaður			
Staðall um jöfn laun innleiddur og sótt um vottun	10.000.000	10.016.175	16175
Unnið með ímynd bæði út á við og inn á við	1.000.000	1.225.900	225.900
Samtals	11.000.000	11.242.075	242.075

Verkefni	Rekstrarþættir		
	Áætlaður kostnaður	Raun-kostnaður	Mismunur
Vinna innanhúss 1500 klst. (áætlað 1700 klst.) @ 17.200,—	29.240.000	25.800.000	−3.440.000
Kostnaður vegna viðtala, flug og dagp. 2 manns	206.000	219.500	13.500
Endurmenntun, flug, námskeið og dagpeningar	768.000	383.000	−385.000
Kostnaður vegna námskeiða/kynninga fyrir starfsmenn	101.000	0	−101.000
Aðkeypt ráðgjöf	800.000	0	−800.000
Annar óviss kostnaður	100.000	0	−100.000
Samtals	31.215.000	26.402.500	−4.812.500

2. Upplýsingagjöf og samstarf

Fiskistofa safnar gögnum um veiðar og vinnslu afla, og skráir upplýsingar um aflaheimildir og stöðu þeirra. Stofnunin tekur saman margvíslegar upplýsingar úr þessum gögnum og birtir þær meðal annars á vef Fiskistofu. Nefna má reglulega birtingu á aflatölum yfirstandandi fiskveiðiárs og ársyfirlit sem gefið er út í október og hefur að geyma samanteknar upplýsingar um undangengið fiskveiðiár. Leitast er við að hafa heimasíðu Fiskistofu þannig að hægt sé að nálgast upplýsingar á sem aðgengilegastan hátt og lögð er áhersla á að fjölga gagnvirkum síðum þar sem notendur geta sótt upplýsingar eftir eigin höfði úr gagnagrunnum. Fiskistofa sérvinnur einnig upplýsingar eftir beiðni gegn gjaldi samkvæmt gjaldskrá.

Á árinu var svarað 273 fyrirspurnum sem er heldur fleiri en á fyrra ári þegar þær voru 242. Um 130 þeirra vörðuð veiðar, heimildir og afla. Um 20 snerust um vottun á sjálfbærni íslenskra sjávarafurða. Þá afgreiddi Fiskistofa 78 fyrirspurnir frá erlendum innflutningsyfirvöldum um réttmæti vinnslu- og veiðivottorða sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa svarar öllum fyrirspurnum sem berast stofnuninni og heimilt er að svara samkvæmt upplýsinga- og persónuverndarlögum.

Innlent samstarf

Fiskistofa leggur áherslu á samstarf við aðrar stjórn-sýslustofnanir og hagsmunaaðila í sjávarútvegi til þess að rækja hlutverk sitt sem best. Slíkt samstarf getur bæði stuðlað að aukinni skilvirkni og hagræði með það að markmiði að bæta bæði upplýsingagjöf og þjónustu ásamt því að auðvelda samskipti. Samráð átti sér m.a. stað við tollayfirvöld, Matvælastofnun, Landhelgisgæslu, Hafrannsóknastofnun, Fjársýslu ríkisins, Hafnasamlagið og Samgöngustofu. Ennfremur má nefna samstarf við veiðigjaldsnefnd og ríkisskattstjóra vegna ákvarðana um veiðigjöld og breytinga í löggjöfinni um þau. Þá er Fiskistofa í reglulegum samskiptum og samstarfi um ýmis mál við Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsamband smábátaeigenda.

Starfsmenn Fiskistofu tóku á árinu þátt í kennslu í formi gestafyrirlestra, meðal annars í Sjávarútvegsskóla Háskóla Sameinuðu þjóðanna og Háskóla Íslands. Einnig leggur Fiskistofa til kennara á löggildingarnámskeið fyrir vigtarmenn. Meðal annars tók Fiskistofa þátt í viðburðinum Lýsu á Akureyri og kynnti þar gott aðgengi að víðtækum upplýsingum um sjávarútveg á vef Fiski-

stofu. Þá tekur Fiskistofa reglulega á móti gestum frá fyrirtækjum, stofnunum og félagasamtökum og kynnir fyrir þeim starfseminu og fiskveiðistjórnun. Á árinu aðstoðaði Fiskistofa íslensk vottunarfyrirtæki á fjölmörgum fundum með erlendum úttektaaðilum við alþjóðlega vottun á sjálfbærni veiða og gæðum íslenskra sjávarafurða.

Samstarf á alþjóðavettvangi

Fiskistofa á fulltrúa í ýmsum samstarfsnefndum á vegum fjölþjóðlegra fiskveiðieftirlitsstofnana. Ferðadagar starfsmanna erlendis á vegum Fiskistofu 2018 voru 241 talsins en gistinætur voru 194. M.a. var farið á fundi hjá eftirfarandi alþjóðastofnunum: Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NEAFC), Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðinefndinni (NAFO) og Norður-Atlantshafs sjávarspendýraráðinu (NAMMCO). Þá tóku fulltrúar Fiskistofu þátt í fundum sem vörðuð fiskveiðieftirlit á alþjóðlegumhafsvæðum. Ennfremur var fundað með fulltrúum fiskveiðipjóða um framþróun fjareftirlits- og tilkynningakerfis fiskiskipa á norðanverðu Atlantshafi.

Fiskistofa stóð fyrir fjölda kynninga á starfsemi sinni og íslenski fiskveiðistjórnun fyrir erlenda aðila sem heim-sóttu landið. Nefna má að fundað var með fulltrúum grænlenkra stjórnvalda til að ræða framþróun í fiskveiðistjórnun og álagningu veiðigjalda. Einnig var sendi-herra Filipseyja á Íslandi fræddur um íslenskan sjávarútveg og fiskveiðistjórnun. Þá var tekið á móti fræðimanni á sviði fiskveiðistjórnunar frá Nýja Sjálandi og einnig hópi fræðimanna og stjórnenda í Cornell háskóla í Bandaríkjunum. Sá háskóli vill útvikka samstarf um jarðhitamál með íslenskum aðilum yfir í alþjóðlegt samstarf um kynningu og nýtingu á þekkingu Íslendinga á fiskveiðistjórnun. Fiskistofa tók þátt öðru sinni í kynningu tengda Arctic Circle fyrir aðila úr stjórnsýslu Kyrrahafseyja. Loks ber að geta að Fiskistofa hóf þátttöku í verkefni utanríkisráðuneytisins þar sem þróunarsamvinna á sviði sjávarútvegs fer fram með því að ráðuneytið leggur fjármuni í sjávarútvegsverkefni sem Alþjóðabankinn stýrir í þróunarlöndum. Mikill áhugi og þörf reyndist fyrir aðstoð sérfræðinga á sviði fiskveiðistjórnunar og sendi Fiskistofa sérfræðing til bæði Vietnam og Bangladesh til ráðgjafar um fiskveiðistjórnun síðla árs á grundvelli þessa samstarfs. Fyrir liggur að framhald verður á þátttöku Fiskistofu í verkefnum á grundvelli þessa samstarfs Íslendinga og Alþjóðabankans.

3. veiðileyfi og aflaheimildir

3.1 Veiðileyfi

Í lögum um stjórn fiskveiða er kveðið á um að skip þurfi almennt veiðileyfi eigi því að vera heimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með króka-aflamarki. Auk almenns veiðileyfis eru gefin út sérveiðileyfi á skip fyrir tilteknar veiðar sem óheimilt er að stunda nema með sérleyfi. Á þetta t.d. við um veiðar á deilistofnum, veiðar með dragnót og veiðar á grásleppu. Í örfáum tilvikum eru veiðar háðar sérstöku leyfi Fiskistofu án þess að skilyrt sé að skip hafi almennt veiðileyfi. Þetta á t.d. við um frístundaveiðileyfi, veiðar á tegundum sem einungis veiðast utan íslenskrar lögsögu og strandveiðar.

Tafla 3.1 sýnir fjölda almennra leyfa til veiða í atvinnuskyni. Þar má sjá að fækkað hefur leyfum til veiða með krókaflamarki sem og leyfum til veiða með aflamarki. Nokkur aflamarksleyfi voru felld niður þar sem skip

hafði ekki stundað veiðar undanfarandi 12 mánuði auk þess sem 14 skip voru flutt úr aflamarkskerfinu yfir í krókaafلامarkskerfið og níu skip flutt frá krókaflamarkskerfinu. Heildarfjöldi leyfa er því minni nú en fyrra ár. Nú eru almennu veiðileyfin samtals 1.177 en fiskveiðiárið 2016/2017 voru þau 1.244.

Heildarfjöldi sérveiðileyfa kemur fram í töflu 3.2. Árið 2018 fækkaði leyfum til strandveiða nokkuð en voru 557 árið 2018 í stað 607 árið á undan. Eins varð fækkun á útgefnum makrilleyfum 2018 eins og undanfarin ár.

Á grundvelli samninga sem íslensk stjórnvöld gera við önnur ríki um gagnkvæmar heimildir til veiða eru gefin út veiðileyfi til erlendra fiskiskipa til veiða í íslenskri lögsögu. Í töflu 3.3 má sjá fjölda leyfa sem gefin hafa verið út til erlendra skipa á árunum 2014 til 2018. Fjöldi veiðileyfa til erlendra skipa hefur verið nokkuð svipaður undanfarin ár.

3.1 Fjöldi almennra veiðileyfa

Fiskveiðiár:	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Aflamarksskip	459	428	401	400	377
Krókaafلامarksbátar	868	892	861	844	800
Alls fjöldi leyfi til veiða í atvinnuskyni:	1.327	1.320	1.262	1.244	1.177

3.2 Tegundir og fjöldi sérveiðileyfa

Fiskveiðiár:	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Grásleppuveiðileyfi	224	324	243	259	221
Rauðmagaveiðileyfi krókabáta	10	16	10	7	3
Dragnótaveiðileyfi	57	53	47	51	50
Innfjarðarækjuveiðileyfi	18	17	19	11	
Ígulkeraveiðileyfi	3	5	5	5	5
Strandveiðileyfi	650	641	670	607	557
Frístundaveiðileyfi án aflaheimilda	3	2	1	12	11
Frístundaveiðileyfi með aflaheimildum	45	42	40	39	39
Leyfi til sæbjúgnaveiða	9	7	11	15	12
Síldveiðar með vörpu	24	18	22	19	
Úthafskarfaveiðileyfi á Reykjanes hrygg	10	6	6	5	4
Rækjuveiðar í Barentshafi	1	1	1		
Veiðar á djúpsjávartegundum á veiðsvæði NEAFC	1	1			
Rækjuveiðileyfi á Flæmingjagrunni				1	
Leyfi til veiða úr norsk-ísl. síldarstofninum	18	20	18	21	19
Leyfi til veiða á norsk-ísl. síld í norskri lögsögu	5				
Gulllaxveiðileyfi	20	21	15	19	
Kolmunnaveiðileyfi	20	22	15	20	20
Makrílveiðar	267	173	131	107	74
Þorskveiðar í norskri lögsögu	10	9	8	9	9
Þorskveiðar í rússneskri lögsögu	7	7	8	7	4
Túnfiskveiðileyfi með línu	1	1	1	1	
Túnfiskveiðileyfi með sjóstöng	3	3			
Beitukónsveiðileyfi		5	6	4	3
Krabbaveiðar í Faxaflóa		3	5	3	3
Veiðar á kúfiskel		1	1	2	6
Fjöldi sérveiðileyfa	1.406	1.398	1.283	1.224	1.040

3.3 Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa í íslenskrri lögsögu

Tegund veiðileyfis	2014	2015	2016	2017	2018
Kolmunnaveiðileyfi	11	11	11	14	12
Loðnuveiðileyfi	81	82	82	83	82
Línu- og handfæraveiðileyfi	23	24	23	25	22
Leyfi til veiða úr norsk-íslenska síldarstofninum	11	12	12		14
Fjöldi veiðileyfa erlendra skipa	126	129	128	122	130

3.2 Aflaheimildir

Ráðherra sjávarútvegsmála ákveður ár hvert leyfilegan heildarafla kvótabundinna tegunda. Á grundvelli þeirrar ákvörðunar úthlutar Fiskistofa aflamarki til einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild skips. Áður en til úthlutunar kemur er ákveðið hlutfall dregið af leyfilegum heildarafla hverrar kvótabundinnar tegundar. Hlutfallið var 5,3% fyrir fiskveiðiárið 2017/2018 eins og árið á undan. Þeim aflaheimildum sem eftir standa í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, gullkarfa, keilu og löngu er ráðstafað til sérstakra úthlutana, s.s. byggðakvóta, strandveiða og skel- og rækjubóta. Úthlutanir af þessu tagi má sjá í töflu 3.4. Aðrar tegundir, eða það sem umfram er, eru boðnar útgerðum í skiptum fyrir þorsk, ýsu, ufsa og steinbít. Skiptin fara fram á tilboðsmarkaði Fiskistofu sem almennt er haldinn í upphafi hvers mánaðar.

Auk úthlutunar aflamarks annast Fiskistofa úthlutun á ýmsum viðbótaraflaheimildum, s.s. byggðakvóta, sérstökum heimildum til frístundafiskiskipa og skel- og rækjubótum eins og sjá má í töflu 3.4.

Aflamark

Á heimasíðu Fiskistofu má sjá upplýsingar um heildaraflamark hvers fiskveiðiárs frá fiskveiðiarinu 2000/2001. Þorskafla til aflamarks á Íslandsmiðum fiskveiðiárið

2017/2018 var rúmlega 213 þúsund tonn og aflamarkið nam samtals rúmlega 213,5 þúsund tonnum. Rúm 13 tonn voru nýtt til tegundatilfærslu og voru rúmlega 8.000 tonn veidd af heimildum næsta fiskveiðiárs.

Flutningur aflaheimilda

Nokkuð er um að aflaheimildir, aflamark og aflahlutdeildir séu fluttar á milli skipa. Í fyrra tók Fiskistofa í notkun rafrænt millifærslukerfi sem gerir útgerðum kleift að millifæra aflamark milli eigin skipa sem og til skipa óskyldra aðila. Innleiðing gekk vel og fer nú stór hluti millifærslanna fram rafrænt. Fiskistofa annast ávallt flutning aflahlutdeilda og jókst fjöldi tilkynninga í samanburði við síðasta ár. Þetta má sjá í töflu 3.5 sem sýnir fjölda tilkynninga um flutning aflahlutdeilda og aflamarks. Í töflunni má sjá upplýsingar um heildarfjölda millifærslna á aflamarki milli skipa, fjölda rafrænna millifærslna milli eigin skipa útgerðar og flutning aflamarks þar sem eigendur skipta til baka þeim 5,3% sem haldið var frá við úthlutun. Enn fremur sýnir taflan fjölda millifærslna þar sem aflamark var flutt úr króka-aflamarkskerfinu yfir í aflamarkskerfið í jöfnum skiptum.

Í töflu 3.6 eru upplýsingar um flutning aflahlutdeilda milli fiskiskipa sl. fimm fiskveiðiárs. Vakin er athygli á að þetta eru veltutölur sem þýðir að sömu aflahlutdeildir eru taldar í hvert skipti sem þær eru fluttar enda þótt

3.4 Viðbótaráúthlutanir skv. lögum nr. 116/2006

Fiskveiðiár:	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Rannsóknnaafli skv. 1. mgr. 3. gr. laga nr. 116/2006	1.359	3.033	2.631	3.098	3.486
Byggðakvóti skv. 2. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	6.470	6.281	5.523	4.344	5.331
Rækjubætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	664	687	601	586	859
Skelbætur skv. 1. tl. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 116/2006	1.185	983	983	983	1.183
Þorskeldi skv. bráðabirgðaákvæði nr. I við lög nr. 116/2006	110	61	32	28	
Frístundakvóti skv. bráðab. ákvæði IX við lög nr. 116/2006	254	132	213	216	199
Skötuselur skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006					
Sumargotssíld skv. bráðab. ákvæði VIII við lög nr. 116/2006	181	11		2	
Samtals:	10.223	11.188	9.983	9.257	11.058

Magn í þorskigildistönnum

3.5 Fjöldi tilkynninga um flutning aflaheimilda

Fiskveiðiár:	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Aflahlutdeildir	268	258	206	208	247
Aflamark	10.093	9.295	9.339	7.875	8.538
þar af flutt rafrænt	2.566	2.440	3.067	2.529	5.350
þar af flutt vegna skerðinga	180	213	225	127	118
þar af jöfn skipti milli aflamarks og krókakerfis	45	165	119	114	97
Tilkynningar alls:	10.349	9.553	9.545	8.083	8.785

Þær séu fluttar milli skipa oftar en einu sinni. Þarna má sjá að flutningu aflahlutdeilda í flestum tegundum er sambærilegur og á fyrra ári.

Þá koma fram í töflu 3.7 sundurliðaðar upplýsingar um flutning aflamarks á fiskveiðiárinu 2017/2018.

3.6 Flutningur hlutdeilda milli skipa

Fiskveiðiár:	2013/2014	2014/2015	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Þorskur	13,9%	8,7%	11,5%	26,8%	23,2%
Ýsa	18,1%	10,2%	13,0%	24,6%	20,9%
Ufsi	16,8%	5,9%	12,2%	25,2%	22,3%
Gullkarfi	14,8%	4,6%	5,8%	26,4%	25,9%
Djúpkarfi	14,6%	1,1%	3,8%	39,6%	36,7%
Litli karfi	10,2%	0,1%	0,0%	6,2%	45,9%
Langa	7,9%	6,6%	12,5%	13,6%	26,3%
Blálanga	10,9%	2,7%	9,4%	4,1%	19,9%
Keila	3,9%	4,8%	13,7%	6,8%	23,7%
Steinbítur	18,6%	11,5%	18,7%	15,6%	37,5%
Skötuselur	7,6%	5,4%	10,2%	8,4%	13,1%
Gulllax	18,6%	0,0%	0,5%	26,6%	46,8%
Grálúða	12,1%	0,2%	4,5%	40,0%	23,2%
Skarkoli	10,6%	10,8%	8,3%	12,6%	17,1%
Þykkvalúra	10,9%	9,1%	9,6%	15,5%	17,2%
Langlúra	5,9%	6,3%	21,2%	16,0%	11,5%
Sandkoli	13,2%	12,6%	14,8%	14,8%	14,0%
Skrápflúra	8,1%	4,0%	20,4%	7,0%	12,0%
Síld	27,5%	8,5%	31,5%		
Loðna	21,0%	22,9%	41,8%	5,3%	4,8%
Humar	5,1%		12,4%	5,9%	0,0%
Úthafsækja		39,9%	25,6%	34,0%	12,5%
Arnarfjarðarrækja	0,0%		25,0%		75,0%
Húnaflóarrækja	43,0%	17,8%	12,0%		4,4%
Rækja í Ísafjarðardjúpi	33,9%	0,4%	15,8%	13,7%	27,5%
Skagafjarðarrækja	50,0%		25,0%		12,5%
Öxarfjarðarrækja	0,0%	50,0%	50,0%		
Skjálfandarækja	0,0%	33,3%			
Snæfellsnesrækja		39,9%	29,7%	35,6%	15,5%
Eldeyjarækja	15,4%		15,4%	7,7%	23,1%
Arnarfjarðarskel	0,0%		20,0%		80,0%
Breiðafjarðarskel	0,0%	40,7%	4,3%	74,7%	
Húnaflóaskel	25,0%	62,5%		50,0%	
Skel í Ísafjarðardjúpi	25,0%				
Úthafskarfi	14,1%		9,0%	32,2%	37,0%
Kolmunni	21,3%	57,0%	1,8%	19,2%	
Norsk-íslensk síld	29,4%	42,2%	12,2%	4,3%	
Flæmingjarækja	2,0%	6,3%	6,7%	36,6%	
Þorskur – norsk lögsaga	18,5%	4,3%	6,9%	38,1%	27,6%
Þorskur – rússnesk lögsaga	18,5%	10,4%	6,9%	44,2%	32,4%

Hlutfall af heildarflahlutdeild. Um veltutölur er að ræða.



3.7 Heildarflutningur aflamarks milli fiskiskipa

Fisktegund:	Millifært			2017/2018 Samtals	Fiskveiðirárið 2016/2017 Samtals	Fiskveiðirárið 2015/2016 Samtals
	Milli skipa í eigu sama aðila	Milli skipa í eigu mismunandi aðila	Jöfn skipti milli aflamarks og krókaflamarks			
Porskur	52.156	60.742	2.143	115.041	91.444	86.622
Ýsa	13.934	16.059	2.045	32.038	28.692	22.673
Ufsi	22.289	22.724	64	45.077	34.495	36.111
Karfi/gullkarfi	18.596	10.206		28.802	24.282	26.720
Langa	2.824	2.476	10	5.310	5.101	8.267
Blálanga	680	170		850	664	2.205
Keila	1.490	579		2.070	1.182	1.689
Steinbítur	3.863	5.276	12	9.151	10.275	8.206
Skötuselur	479	366		845	718	952
Gulllax	5.341	1.226		6.568	3.853	2.687
Grálúða	5.191	11.252		16.443	13.468	8.589
Skarkoli	3.028	4.478		7.506	5.788	6.495
Þykkvalúra	598	710		1.308	989	1.290
Langlúra	457	494		951	1.177	1.269
Sandkoli	227	152		379	469	461
Skráplúra				1		
Síld	10.247	8.062		18.309	19.538	25.137
Loðna	20.094	12.181		32.275	54.176	14.768
Kolmunni	41.092	66.850		107.942	106.383	20.154
Norsk-íslensk síld	4.182	11.577		15.759	17.592	12.551
Humar	271	49		320	288	306
Úthafs rækja	1.061	2.287		3.348	2.884	4.526
Þorskur - NL	2.554	1.183		3.737	3.488	4.301
Þorskur - RU	410	2.000		2.409	3.519	4.137
Ýsa - meðafli - RU	36	155		191	315	402
Arnarfjarðarrækja	0	18		18	62	75
Rækja í Djúpi	114	139		253	208	335
Rækja í Skjálfanda						45
Rækja við Snæfellsnes	90	371		461	643	843
Litli karfi	283	3		285	544	709
Eldeyjar rækja						186
Úthafskarfi innan	927	74		1.001	1.546	1.935
Djúpkarfi	9.229	5.112		14.341	12.851	9.235

Ofangreindar tölur miðast við lestir og slægðan fisk þar sem það á við. Um veltutölur er að ræða.





3.8 Aflamarksskipti á tilboðsmarkaði (tonn)

Tegund	2015/2016	2016/2017	2017/2018
Þorskur	-2.420	-8.008	-8.338
Ýsa	-2.335	-726	-712
Ufsi	0	-249	0
Karfi/gullkarfi	2.570	1.167	815
Langa	636	0	0
Blálanga	100	86	83
Keila	143	0	0
Steinbítur	-612	-481	0
Skötuselur	48	34	41
Gulllax	424	418	493
Grálúða	604	660	660
Skarkoli	317	357	346
Þykkvalúra	63	53	63
Langlúra	53	54	54
Sandkoli	25	24	24
Skráplúra		0	
Síld	3.804	3.339	2.052
Loðna	5.316	10.391	9.834
Kolmunni	8.669	12.492	15.529
Norsk-íslensk síld	2.437	5.456	3.837
Humar	25	21	19
Úthafs-rækja	212	217	265
Þorskur - NL	366	364	317
Þorskur - RU	229	228	198
Arnarfjarðarrækja	13	9	0
Rækja í Djúpi	37	26	17
Rækja við Snæfellsnes	43	37	23
Litli karfi	80	79	79
Eldeyjarrækja	0		
Úthafskarfi innan	140	123	107
Djúpkarfi	530	685	625
Makrill		8.929	7.143
Innheimt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	5.775	9.267	9.100
Útdeilt á tilboðsmarkaði í ÞÍG	9.532	11.472	10.258
Halli í skiptum á tilboðsmarkaði í ÞÍG	-3.757	-2.205	-1.157
Hlutfallslegur halli í skiptunum	39%	19%	11%

4. Afli, kvótaívilnanir og aflaverðmæti

4.1 Löndun afla


Fiskistofa á samstarf við löndunarhafnir um vigtun og skráningu landaðs afla. Niðurstöður vigtunar á afla eru skráðar í aflaskráningarkerfið GAFL (Gagnagrunn Fiskistofu og Löndunarhafna). Þetta gera starfsmenn löndunarhafna og eru upplýsingarnar sendar jafnóðum á rafrænu formi í gagnagrunn Fiskistofu. Í GAFLinum hefur Fiskistofa ávallt nýjustu fánlegar upplýsingar um afla og fylgist náð með aflaheimildum einstakra skipa. Á fiskveiðiárinu 2017/2018 voru 51.968 landanir skráðar í aflaskráningarkerfið. Þetta er sambærilegur fjöldi landana og í fyrra.

Bolungarvík er sú höfn þar sem flestar landanir fóru fram á síðasta fiskveiðiári eða 4.293 talsins. Þeim fjölgaði um 496 frá fiskveiðiárinu 2016/17. Næst kemur Ólafsvík með 2.847 landanir og Sandgerði með 2.764 landanir.

4.2 Afli og kvótaívilnanir

Heildarafla íslenskra skipa í botnfiski til aflamarks má sjá í töflu 4.2. Ef borinn er saman heildarafla og afli sem reiknaður er til aflamarks er nokkur munur þar á. Helsta skýringin á því er afli sem er undanþeginn aflamarki vegna sérreglna sem um hann gilda, s.s. reglur er varða línuaflla, afla sem rennur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (VS-afla), undirmálsafla og afla í strandveiðum. Línuívilnun náði á síðasta fiskveiðiári eins og undanfarin ár til þorsks, ýsu, steinbíts, gullkarfa, löngu og keilu. Á síðasta fiskveiðiári mátti veiða 3.375 tonn af þorski, 1.335 tonn af ýsu, 700 tonn af steinbít, 40 tonn af gullkarfa, 170 tonn af löngu og 60 tonn af keilu miðað við slægðan fisk umfram aflamark á sérstaklega beitta línu. Eins og sjá má á töflu 4.2 fullnýttu íslensk fiskiskip ekki heimildir sínar í línuívilnun. Enn eru íslensk fiskiskip að landa minna af VS-afla en hefur verið undan-

4.1 Fjöldi landana eftir helstu löndunarhöfnum fiskveiðiárin 2013/2014 til 2017/2018



farin ár, en hluti af andvirði þess afla greiðist í Verkefnasjóð sjávarútvegsins. Undirmálsafla af þorski var sambærilegur og í fyrra, en þá hafði hann lækkað um tæp 30%.

Á hverju ári veiða íslensk skip fjölda tegunda sem ekki eru bundnar aflamarki. Á síðasta fiskveiðiári voru sæbjúgu mest veidda ókvótabundna tegundin með 5.418 tonn. Næst mest var veitt af grásleppu eða 4.518 tonn. Bæði veiðar sæbjúgum og grásleppu eru bundnar sérstöku veiðileyfi sem Fiskistofa gefur út.

4.3 Aflaverðmæti

Upplýsingar um aflaverðmæti og ráðstöfun afla eru fengnar úr vigrar- og ráðstöfunarskýrslum sem kaupendur sjávarafla skila til Fiskistofu. Í þeim tilgangi hefur stofnunin tekið upp rafrænt kerfi þar sem skýrslum er skilað í gegnum vefviðmót. Það kerfi komst í fulla notkun á fyrsta ársfjórðungi 2018. Aflaverðmæti þorsks á síðasta fiskveiðiári nam rúmum 58,7 milljörðum króna sem er talsverð hækkun eftir mikinn samdrátt árið 2016/17. Verðmæti ýsuafans jókst einnig aftur um

4.2 Afli íslenskra skipa botnfisktegundum innan lögsögu 2017/2018 og 2016/2017 (tonn upp úr sjó)

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	Vs-aflí	2017/2018		
				Línuvinnun	Undirmál Utan kvóta*	
Þorskur	267.134	253.685	935	2.360	995	9.159
Ýsa	42.499	41.024	231	921	268	55
Ufsi	58.786	58.126	22		0	638
Karfi / Gullkarfi	51.697	51.430	36	19	25	187
Langa	7.018	6.948	1	65		4
Keila	2.201	2.172	11	15		3
Steinbítur	9.516	8.834	6	662		14
Skötuselur	676	675	1			
Grálúða	14.873	14.805	62			6
Skarkoli	8.208	8.199	6			3
Þykkvalúra	1.777	1.766	11			
Langlúra	885	885	0			
Sandkoli	399	297	0			102
Skrápflúra	21	11	1			9
Djúpkarfi	10.539	10.514				25
Samtals	476.205	459.348	1.322	4.042	1.288	10.205

Fisktegund	Heildarmagn	Til kvóta	Vs-aflí	2016/2017		
				Línuvinnun	Undirmál Utan kvóta*	
Þorskur	234.649	220.435	1.119	2.594	1.067	9.434
Ýsa	34.753	33.117	373	1.048	151	64
Ufsi	44.689	44.313	3		4	369
Karfi / Gullkarfi	48.179	47.928	17	25	46	163
Langa	7.291	7.222	1	65		3
Keila	1.689	1.603	68	16		2
Steinbítur	7.510	6.966	19	514		11
Skötuselur	676	675	1			0
Grálúða	12.152	12.122	24			6
Skarkoli	6.373	6.355	15			3
Þykkvalúra / Sólkoli	1.471	1.471	0			0
Langlúra	1.088	1.088	0			0
Sandkoli	208	180	1			27
Skrápflúra	17	3	0			14
Djúpkarfi	8.556	8.540				16
Samtals	409.301	392.018	1.641	4.262	1.268	10.112

* Meðal annars strandveiði og rannsóknafli



tæplegan einn og hálfan milljarð. Aflaverðmæti makrils um 300 milljónir eftir samdrátt undanfarin ár. Aflaverðmæti íslenskra fiskiskipa var samtals tæpir 118 milljarðar króna og jókst aftur um 13 milljarða á milli fiskveiðiára. Á fiskveiðiarinu 2017/2018 fór að venju mestur hluti þorskaflans í landfrystingu eða tæpt 100 þúsund tonn (35,7%). Næst mest fór ísað í flug eða rúm 76 þúsund tonn (27,3%). Þessi ráðstöfun á þorskaflanum hefur aukist verulega á síðastlinum árum. Tæp 47 þúsund tonn fóru í söltun sem er aukning frá fyrra fiskveiðiarí. Óunninn fiskur í gám var 25 þúsund tonn fiskveiðiaríð 2017/18 og hefur aukist um 73% á milli ára. Af makrílaflanum fóru um 69% í landfrystingu samanborið við 55% á fyrra ári. Um 17% makrílaflans voru sjófryst samanborið við 29% á fyrra ári. Tæp 20 þúsund tonn af makríl fóru í bræðslu samanborið við 23 þúsund tonn á vertíðinni 2017.

4.3 Afli í ókvótabundnum tegundum fiskveiðiarín 2015/2016 til 2017/2018

Fisktegund	15/16	16/17	17/18
Sæbjúga	2.908	2.743	5.418
Hrognskeli/Grásleppa	5.416	4.569	4.518
Hlýri	1.982	1.656	1.642
Lýsa	690	643	844
Tindaskata	1.399	1.007	552
Stórkjafra / Öfugkjafra	498	467	387
Ígulker	293	313	376
Stinglax	382	334	222
Lúða	141	120	159
Skata	170	139	144
Spærlingur	639	262	21
Rauðmagi	55	25	20
Náskata	17	7	16
Háfur	13	3	2
Grásleppuhrogn	21	0	0

4.4 Aflaverðmæti helstu nytjastofna – þrjú fiskveiðiar (millj. kr.)

Fisktegund	15/16	16/17	17/18
Þorskur	63.274	50.177	58.699
Ýsa	10.162	7.841	9.359
Ufsi	9.132	6.223	7.176
Gullkarfi	10.524	7.091	8.431
Langa	1.553	1.051	1.024
Steinbítur	1.409	978	1.204
Úthafskarfi	600	343	222
Skötuselur	530	282	267
Grálúða	8.963	6.754	8.337
Skarkoli	1.386	997	1.599
Síld	5.802	6.413	4.370
Loðna	2.709	3.597	4.730
Makrill	8.793	9.108	8.263
Humar	952	822	629
Rækja	2.554	1.259	1.457
Djúpkarfi	2.327	1.721	2.218
Heildaraflaverðmæti	130.670	104.657	117.985



4.5 Helsta ráðstöfun afla eftir fisktegundum (aflí er í tonnum)

Fisktegund	2017/2018										
	Frysting	Sjó-frysting	Ísað í flug	Söltun	Hersla/ þurrkun	Bræðsla	Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands-neysla	
Þorskur	99.848	34.028	76.564	705	47.210	991	142	10.573	3.611	3.747	2.659
Ýsa	15.320	5.456	12.522	49	1	1.121	16	6.379	152	184	2.161
Ufsi	19.301	27.329	5.255	11	1.958	56	22	3.487	140	1.394	17
Skötuselur	10		68					239	142	152	40
Skarkoli	2.151	84	1.204	1		0		4.439	111	15	186
Síld	61.090	17.549	1		3.335	0	35.144				1
Loðna	33.364	7.376				0	137.388				
Kolmunni	8.078	1.019					288.206				
Makrill	105.916	25.375	154		913		19.799	86		510	9
Samtals	345.079	118.216	95.768	766	53.418	2.168	480.716	25.202	4.157	6.001	5.074

Fisktegund	2016/2017										
	Frysting	Sjó-frysting	Ísað í flug	Söltun	Hersla/ þurrkun	Bræðsla	Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands-neysla	
Þorskur	90.859	32.189	63.736		43.670	1.324	115	6.047	2.943	5.007	3.584
Ýsa	11.295	4.697	11.442		3	892	29	4.515	127	449	2.023
Ufsi	14.860	20.918	4.460		1.928	60	61	1.873	10	1.109	24
Skötuselur	14	0	53			0	0	61	382	148	19
Skarkoli	2.743	107	1.141			0	0	2.073	148	9	157
Síld	68.419	23.732	0		3.109	0	19.237	0		213	3
Loðna	15.219	2.358				0	161.996				
Kolmunni	85	1.011				0	206.763				60
Makrill	83.451	42.913	30		74	0	22.531	12	0	1.228	1
Samtals	286.945	127.926	80.862	0	48.784	2.277	410.733	14.580	3.609	8.161	5.872

Fisktegund	2015/2016										
	Frysting	Sjó-frysting	Ísað í flug	Söltun	Hersla/ þurrkun	Bræðsla	Óunnið í gám	Unnið í gám	Flökun	Innanlands-neysla	
Þorskur	105.392	31.961	61.248		52.638	886	57	6.046	1.195	2.233	3.032
Ýsa	14.661	6.743	11.348		1	791		4.404	56	259	2.164
Ufsi	22.288	19.256	4.217		2.731	13	48	944	6	17	36
Skötuselur	5	2	84			0		242	388	158	22
Skarkoli	3.174	109	1.329		1	0	1	2.530	277	30	171
Síld	56.408	26.387			3.263	0	21.571				22
Loðna	15.617	6.403				0	68.233				
Kolmunni	12.324	429				0	176.595				
Makrill	72.568	38.200			31	0	36.599	4			3
Samtals	302.436	129.490	78.226	0	58.665	1.691	303.103	14.170	1.921	2.697	5.449



5. Eftirlit

Fiskistofa hefur eftirlit með veiðum og löndunum íslenskra og erlendra skipa í íslenskri lögsögu og veiðum íslenskra skipa utan lögsögunnar. Eftirlit er stór þáttur í starfsemi Fiskistofu og gegnir stofnunin lykilhlutverki við eftirlit með sjávarútvegi. Verkefnið er umfangsmikið og krefjandi og felur m.a. í sér eftirlit með fiskveiðum, vinnslu afla um borð, aflaheimildastöðu skipa, vigtun og skráningu afla, umgengni um auðlindina, verndun smáfisks, hvalveiðum, lax- og silungsveiði og malar-tekju. Eftirlit fer ýmist fram á vettvangi, til sjós og lands, eða með rafrænum hætti hjá Fiskistofu. Fiskistofa á gott samstarf við systurstofnanir sínar í þeim tilgangi að bæta eftirlit, sem stuðlar að heildrænni nálgun við að framfylgja lögum og reglugerðum. Oft felur þetta í sér samlegðaráhrif fyrir þá sem eftirlitinu sæta með því að fækka þeim sem sinna eftirliti með þeim hverju sinni. Eins sinna veiðieftirlitsmenn Fiskistofu upplýsingasöfnun í miklum mæli fyrir Hafrannsóknastofnun í þágu hafrannsóknna. Einnig á Fiskistofa í miklum samskiptum og samstarf við erlend fiskveiðistjórnvöld og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði veiðieftirlits.

5.1 Eftirlit á sjó

Árið 2018 fóru veiðieftirlitsmenn Fiskistofu í 351 veiðiferð með fiskiskipum, samtals var sjótími eftirlitsmanna Fiskistofu 1.250 dagar. Í sjóeftirliti var auk hefðbundins eftirlits sinnt sérstöku átaksverkefni í eftirliti með grásleppuveiðum. Einnig var farið í veiðiferðir með norskum og færeyskum loðnuskipum.

Ásamt sjóeftirliti með veiðum og vinnslu sinna eftirlitsmenn lengdarmælingum á fiski ásamt sýnatöku í þágu vísindanna. Einnig hefur aukin áhersla verið á að fylgja eftir að skráningar í afladagbækur séu samkvæmt reglum. Á árinu mældu eftirlitsmenn Fiskistofu alls 282.893 fiska og kvarnaðir voru 3.050 fiskar. Einnig mældu eftirlitsmenn Fiskistofu 6.480 skeldýr og skráðu 259 sjávarspendýr og fugla við störf sín um borð á árinu.

Samstarfsverkefni Fiskistofu og Hafró svokallað brottkastverkefni var fyrirferðarmikið á árinu, eins og oft áður. Lengdarmælingar fara fram á sjó og í landi og með þeim er m.a. safnað gögnum til rannsókna á stærðar- tengdu brottkasti. Verkefnið felur í sér athugun og mat á brottkasti fisks undir tiltekinni lengd og með tilteknu

veiðarfæri og er það unnið í samstarfi við Hafrannsóknastofnun sem gefur út skýrslu árlega þar sem tölfræðilegar niðurstöður verkefnisins eru birtar. Árið 2018 var brottkast mælt úr veiðarfærnum neti og línu. Í brottkastverkefninu eru þorskur og ýsa mæld úr lönduðum afla og afla upp úr sjó frá sama skipi í samliggjandi veiðiferð. Aðferðin byggist á því að brottkast sé lengdarháð og smáfiski sé hent en stærri fiskur hirtur. Mismunur þessara mælinga er síðan notaður til að meta stærðarháð brottkast. Árið 2018 mældu eftirlitsmenn Fiskistofu samtals 115.520 fiska í brottkastverkefninu, 83.016 þorska og 32.502 ýsu.

5.1 Brottkastverkefni

Ár	Mælt í landi		Mælt á sjó		Samtals
	Þorskur	Ýsa	Þorskur	Ýsa	
2016	32.634	10.985	64.971	17.799	126.389
2017	31.865	17.009	74.364	2.884	126.122
2018	23.708	11.156	59.310	21.346	115.520
Samtals	88.207	39.150	198.645	42.029	368.031

Eftirlit á grunnslóð

Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands sinntu sameiginlega fiskveiðieftirliti á grunnslóð eins og gert hefur verið undanfarin ár. Farið var í tvo sameiginlega leiðangra með varðskipinu Þór. Fyrri ferðin var í júní, farið var frá Akureyri á miðin norður og vestur af landinu og komið til hafnar í Reykjavík. Seinni ferðin var farin í júlí þá fór eftirlitsmaður Fiskistofu um borð í varðskip úti frá Rífi á Snæfellsnesi og komið var til hafnar í Bolungarvík.

Tilgangur ferðanna var að fara um borð í fiskiskip á grunnslóð með það að markmiði að kanna veiðileyfi, afla, afladagbók, aflasamsetningu, veiðarfæri, aflameðferð og annað sem tilheyrir veiðieftirliti. Einnig var leitað eftir lax og silungsnetum í sjó.

Í þessum leiðöngrum var farið um borð í 26 báta, 21 voru á handfæraveiðum, 5 á línuveiðum og 2 á dragnót. Ávallt er skoðað afladagbók, ellefu athugasemdir og leiðbeiningar voru gerðar á vettvangi vegna afladagbókar, ein brotaskýrsla var gerð vegna afladagbókar. Tvisvar kom til skyndilokunar eftir mælingar um borð í línuskipum.

Uppsjávarfiskur

Í töflu 5.2 má sjá fjölda landana íslenskra og erlendra veiðiskipa á uppsjávarfiski í íslenskum höfnum og við-

5.2 Fjöldi daga á sjó eftir árum við eftirlit

Ár	2012	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Ísfiskskip	985	920	821	672	671	668	777
Vinnsluskip	1.060	823	786	699	719	505	473
Samtals	2.045	1.743	1.607	1.371	1.390	1.173	1.250

5.3 Eftirlit með löndun og veiðum á uppsjávarfiski

	2018			2017		
	Fjöldi landana	Eftirlit	Hlutfall	Fjöldi landana	Eftirlit	Hlutfall
Landanir uppsjávarafla íslenskra skipa	690	137	19,9%	687	148	21,5%
Landanir uppsjávarafla erlendra skipa	191	34	17,8%	164	47	28,7%
Samtals	881	171	19,4%	851	195	22,9%

veru eftirlitsmanna við þær, þegar eingöngu voru skoðaðar landanir á flotvörpu og nót þar sem heildarmagn löndunar náði 5 tonnum eða meira. Á árinu voru landanir íslenskra veiðiskipa á makríl, norsk-íslenskri síld, íslenskri sumargotssíld, loðnu og kolmunna 690 talsins og var eftirliti sinnt í 137 af þessum löndunum. Á árinu voru 191 landanir erlendra veiðiskipa á uppsjávarafla og var eftirliti sinnt við 34 þessara landana. Á tímabilinu voru eftirlitsmenn Fiskistofu 189 daga um borð í veiðiskipum er stunduðu uppsjávarveiðar.

Grásleppa

Útgefin leyfi til veiða á grásleppu árið 2018 voru 221 talsins og fóru eftirlitsmenn Fiskistofu í 106 veiðiferðir með grásleppubátum. Gerðar voru 44 skýrslur vegna brota á reglum um hrognkelsveiðar. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið lagði áherslu á að eftirliti yrði sérstaklega vel sinnt einkum í þeim tilgangi að tryggja rétta skráningu og tegundagreiningu á meðafla sjávarspendýra og fugla og að sá afli væri skráður í afladagbækur.

Vinnsluskip

Árið 2018 var enn fækkun á skipum sem vinna afla um borð, alls voru 19 skip sem unnu afla eða hluta hans um borð á einhverjum tímapunki ársins, en þau voru 24 árið 2017. Botnfiskur var flakaður um borð í 11 skipum, heilfrystur, haus- og/eða sporðskorinn um borð í 4 skipum, uppsjávarafla var unnin um borð í 3 skipum og 1 skip saud rækju. Heildarfjöldi landanna á afurðum vinnsluskipa árið 2018 voru 282.

Eftirlit Fiskistofu með vinnsluskipum felst auk þess að fara í róður með skipum að rýna nýtingarskýrslur, telja nýtingarsýni við löndun og bera saman við skráningu í gagnasafn skipsins og að þíða upp vinnslu- og nýtingarsýni og kanna hvort nýtingarsýni sem ákvarða kvóta veiðiferðarinnar lýsi í raun vinnsluháttum um borð. Einnig er reiknað út miðað við uppgefna vinnslunýtingu uppsjávarskipanna hversu mikið á að vera af hrati í tönkum skipsins þegar búið er að landa og vigta frosnar afurðir.

Af 25 úttekum við löndun vinnsluskipa sem eftirlitsmenn Fiskistofu framkvæmdu árið 2018 voru 17 sinnum smávægileg eða enginn athugasemd gerð, en í 8 skipti voru ein eða fleiri afurð felld á grunnstuðul, oftast vegna þess að skilyrði reglugerðar um lánmarksfjölda nýtingarsýna voru ekki uppfyllt. Gerðar voru 26 brotaskýrslur vegna skipa sem vinna afla um borð.

Í samstarfssamningi Fiskistofu og Matvælastofnunar er m.a. kveðið á um að veiðieftirlitssvið Fiskistofu annast stöðumat í vinnslu- og frystiskipum. Þá skoða eftirlitsmenn Fiskistofu hvort og hvernig brugðist hefur verið við athugasemdum eftirlitsmanna Matvælastofnunar á vinnsluumhverfi um borð í vinnsluskipum. Matvælastofnun voru sendar upplýsingar vegna 16 veiðiferða.

Hjá Fiskistofu störfuðu þrjú eftirlitsmenn sem sérhæfðir eru í eftirliti með skipum sem vinna afla um borð.

5.4 Heildarfjöldi skyndilokana 2018 eftir fisktegundum

Fisktegund	
Porskur	80
Porskur/Ýsa	6
Porskur/ufsi	4
Ufsi	5
Rækja	2
Samtals	97

5.5 Fjöldi skyndilokana 2018 eftir veiðarfærum

Botnvarpa	7
Lína	72
Handfæri	16
Rækjuvarpa	2
Samtals	97

Skyndilokanir

Skyndilokunum er beitt til að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar á smáfiski. Skyndilokanir voru 97 á árinu. Flestar lokanir urðu þegar þorskur mældist undir viðmiðunarmörkum eða í 80 skipti þegar þorskur átti í hlut, 5 skipti vegna þorsks og ýsu saman og 5 skipti þegar þorskur og ufsi voru undir viðmiðunarmörkum í báðum tegundum. Flestar voru lokanir á línuveiðar, en þær voru 72 talsins. Einungis ein lokun var vegna ýsu þar sem hún mældist undir viðmiðunarmörkum, en 31 lokun varð árið 2017 vegna ýsu. Skyndilokanir voru fjórar vegna úfsa. Lokanir vegna rækju voru tvær á móti sjö árið 2017.

Hvalveiði

Hrefnuveiðar við Ísland voru ekki umfangsmiklar árið 2018. Aðeins voru veiddar 6 hrefnur, en langreyðaveiðar hófust á ný við landið eftir tveggja ár hlé og voru veidd 146 dýr (Tafla 5.6). Eftirlit með hvalveiðum fer fyrst og fremst fram með skoðun á skipum og veiðibúnaði, veiðiaðferðum, mælingaraðferðum, sýnatöku og því hvort veiðarnar séu stundaðar á leyfilegum svæðum.

Auk þess er gengið úr skugga um að um borð séu menn með tilskilda reynslu og leyfi til að stunda veiðarnar. Fiskistofa fór ekki í veiðiferð til eftirlits með hrefnuveiðum sumarið 2018, en miðað er við að hafa eftirlit með 10% veiddra dýra. Eftirlitsmenn Fiskistofu fóru í 8 sjóferðir af samtals 100 sjóferðum með Hval 8 (nr. 117) og Hval 9 (nr.997) sumarið 2018 vegna langreyðaveiða. Samtals voru veiddar 146 langreyðar sumarið 2018 og voru eftirlitsmenn Fiskistofu viðstaddir veiðar á 16 dýrum (11%). Tvær af veiddum dýrum reyndust vera blendingar langreyðar og steypireyðar.

5.6 Fjöldi veiddra hvala 2018

Ár	Hrefna	Langreyður
2012	52	0
2013	35	134
2014	24	137
2015	29	155
2016	45	0
2017	17	0
2018	6	146
Samtals	208	572

Sérfræðingafundur á vegum NAMMCO um aflifunartíma í hvalveiðum, haldinn í Kaupmannahöfn í nóvember 2015, lagði til að Íslendingar söfnuðu upplýsingum um dauðatíma í hrefnuveiðum fyrir 25–30 hrefnur. Fyrir árið 2018 hafði 19 slíkum mælingum verið safnað en norskur sérfræðingur var fenginn til að halda áfram þeim mælingum 2018. Var hann við störf í júní og gerði mælingar fyrir 5 hrefnur, þannig að heildarfjöldi mælinga er nú 24 fyrir hrefnuveiðar við Ísland. Fiskistofa ráðgerir að fá aftur sama norska sérfræðing til starfa sumarið 2019 til að ljúka við dauðatímamælingar í hrefnuveiðum. Að því loknu verður skýrsla út gefin vegna þessarar vinnu.

5.2 Eftirlit í landi

Rafrænt eftirlit

Til að sinna eftirlitshlutverki sínu hefur Fiskistofa í sí auknum mæli notast við greiningarhugbúnað við svokallað rafrænt eftirlit. Þetta felur í sér að stofnunin hagnýti sér gögn úr gagnagrunnum og greini ákveðna áhættuþætti og er þannig reynt að beina eftirliti þangað sem mest þörf er fyrir það. Til að mynda hefur stofnunin unnið áhættumat fyrir ákveðna eftirlitsþætti.

Á árinu var unnið áfram í framþróun rafræns eftirlits og reglulega er meðal annars skoðuð aflasamsetning skipa á sömu veiðislóðum m.t.t. aflasamsetningar og brottkasts, íshlutfall skipa við endurvigtun hjá fleiri en einum vigtunarleyfishafa er borið saman, lengdarsamsetning afla skipa borin saman við mælingar eftirlitsmanna o.fl.

Vigtun og skráning afla

Fiskistofa sinnir eftirliti með vigtun og skráningu sjávaraflla og er það eitt stærsta eftirlitshlutverk stofnunarinnar í landi. Þetta felur í sér eftirlit með vigtun sjávaraflla hjá vigtunarleyfishafa þar sem lagt er mat á aðferðir við vigtun, aðstöðu og niðurstöður vigtunar sem eru síðan bornar saman við niðurstöður fyrri vigtanir hjá viðkomandi leyfishafa. Komi upp við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli hefur stofnunin heimild til þess að fylgjast með allri endurvigtun hjá viðkomandi aðila á hans kostnað í allt að 6 vikur. Að auki sinnir Fiskistofa eftirliti með löndunum og vigtun sjávaraflla á hafnarvog.

Fiskistofa sinnir útgáfu leyfa til vigtunar sjávaraflla og eru þrjár tegundir vigtunarleyfa gefin út. Endurvigtunarleyfi heimila aðilum að endurvigta ísaðan afla sem áður hefur verið veginn á hafnarvog. Við lok árs voru 93 aðilar með slík leyfi. Leyfi til heimavigtunar afla voru á sama tíma 16. Slík leyfi heimila aðilum að vigta afla án þess að vigta hann fyrst á hafnarvog, enda séu veruleg vandkvæði á að vega aflann á hafnarvog og ýmsum ströngum skilyrðum uppfyllt. Slík leyfi áttu einungis við vigtun á uppsjávarfiski, ýmist til vinnslu eða til bræðslu í fiskimjölsværksmiðju. Eitt vigtunarleyfi sjálfstæðs aðila var í gildi við lok árs en slík leyfi eru veitt til vigtunar í umboði og á ábyrgð hafnaryfirvalda í viðkomandi löndunarhöfn og eru aðallega notuð til vigtunar afurða frystiskipa.

5.7 Tegund og fjöldi vigtunarleyfa

	Fjöldi 2018
Vigtunarleyfi sjálfstæðra aðila	1
Heimavigtun – fiskvinnsla	5
Heimavigtun – bræðsla	11
Endurvigtun – fiskvinnsla	68
Endurvigtun – fiskmarkaðir	25
Samtals	110

Gerðar eru ríkar kröfur til vigtunarleyfishafa hvað varðar aðbúnað, innra eftirlit og rekjanleika skráningu gagna hjá vigtunarleyfishöfum. Fiskistofa hefur á undanförunum árum unnið að því að auka gegnsæi í vigtarmálum. Á vefsíðu stofnunarinnar má fletta upp löndunum allra skipa og sjá niðurstöður endurvigtunar hvorrar löndunar fyrir sig. Að auki eru birtar niðurstöður endurvigtana hjá leyfishöfum þar sem Fiskistofa hefur haft eftirlit með vigtun á tveggja mánaða tímabili í senn. Þar kemur fram mismunur á íshlutfalli þegar Fiskistofa hefur eftirlit með vigtun og þegar ekki er viðhaft eftirlit með endurvigtun hjá viðkomandi leyfishafa.

Afli íslenskra fiskiskipa í kvótabundnum tegundum til skráningar aflamarks hjá vigtunarleyfishöfum voru rúm 233 þúsund tonn á árinu miðað við slægðan afla. Af þeim afla voru 55% vigtuð hjá vigtunarleyfishafa en 45% aflans lauk með vigtun á hafnarvog.

Strandveiðar

Alls voru 557 bátar með leyfi til strandveiða. Í samanburði má nefna að 607 bátar voru með slíkt leyfi árið á undan 2017 því er um fækkun að ræða milli ára. Leyfi til strandveiða eru bundin skilyrðum sem m.a. lúta að leyfilegum heildarafla á dag og tímalengd veiðiferðar. Fiskistofa hefur eftirlit með því að þessi skilyrði séu virt og fer það einkum fram með rafrænum hætti. Nýtt ákvæði í reglugerð um strandveiðar 2018 um heimild til að setja landaðan ufsa í VS-afla leiddi af sér um 60% aukningu á lönduðu magni í þeirri tegund milli ára.

Samkvæmt samstarfssamningi við Matvælastofnun hafa veiðieftirlitsmenn hitastigsmælt afla einkum yfir sumar-mánuðina og eru allar mælingar sendar til Matvælastofnunar til frekari úrvinnslu.

Afladagbækur

Eftirlitsmenn Fiskistofu skoðuðu 895 afladagbækur um borð í veiðiskipum á árinu. Við skoðun á vettvangi veita eftirlitsmenn leiðbeiningar við þau atriði sem betur mega fara en skrifa brotaskýrslur vegna veigameiri vanskráninga. Einnig leiðbeina eftirlitsmenn Fiskistofu skipstjórnarmönnum markvisst um þá skyldu þeirra að skrá öll þau sjávarspendýr og þá fugla sem koma í veiðarfæri. Send voru 399 áminningarbréf þar sem skipstjórar og útgerðaraðilar voru formlega áminntir vegna vanskila á afladagbókum. Þá voru 121 skip svipt veiðileyfi vegna vanskila á upplýsingum úr afladagbókum.

Í upphafi árs hófst vinna við að hanna snjallsímaforrit fyrir skráningu á ætluðum afla og er því ætlað að leysa pappírsladagbókina af. Forritið hefur verið í prófunum undanfarna mánuði. Verið er að sníða af því vankanta og villur sem hafa komið fram við prófanir. Stefnt er að því að forritið komist í almenna notkun á árinu 2019.

Hafnríkiseftirlit

Fiskistofa tekur þátt í alþjóðasamstarfi um hafnríkiseftirlit bæði á vettvangi Norðvestur Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar (NAFO) og Norðaustur Atlantshafs

fiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Ákvæði reglna um hafnríkiseftirlit á við um komur erlendra skipa í samþykktar hafnir samningsaðila, með afla um borð sem veiddur var á NEAFC eða NAFO veiðisvæðum og hefur ekki áður verið landað eða umskipað í höfn. Fiskistofa hefur skuldbundið sig til að sinna eftirliti í að lágmarki 15% tilfella með frosnum afurðum þegar um er að ræða löndun/umskipun erlendra skipa á Íslandi sem koma af veiðum á NAFO-veiðisvæðinu en 7,5% landana með frosnum afurðum og 5% landana fersks afla af NEAFC-veiðisvæðinu. Á árinu voru 3 heimilaðar landanir erlendra skipa með afla af NAFO-veiðisvæðinu í íslenskum höfnum og er það aukning frá árinu 2017 þar sem engar slíkar landanir áttu sér stað og var eftirlit viðhaft í einni löndun af þessum þremur.

Alls voru 267 landanir erlendra skipa heimilaðar með afla af NEAFC veiðisvæðinu og eru það jafn margar landanir og frá árinu áður. Þess má geta að landanir með bæði frosnar afurðir og ferskan afla og eftirlit með þeim reiknast sem bæði löndun með ferskan afla og löndun með frosnar afurðir. Þannig var eftirlit í 8% tilfella með frosnum afurðum og 6,1% tilfella með ferskum afla, eins og kemur fram í töflu NEAFC hafnríkiseftirlit. Vert er að taka fram ástæðu þess að eftirlit með ferskum afla fer frá 19,7% niður í 6,1% á milli ára og er það vegna sjómannaverkfallsins árið 2017 en þá var eftirliti Fiskistofu beint að loðnuveiðum Norðmanna hér við land.

Starf eftirlitmannanna felur m.a. í sér að fylgjast með löndun frá upphafi til enda, gera samanburð á magni og tegundum sem tilkynnt var um af viðkomandi skipi og lönduðum afla. Helsti tilgangurinn er að koma í veg fyrir „ólögmætar veiðar“ sem og brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit. Brot á ákvæðum reglna um hafnríkiseftirlit eru t.d. ófullnægjandi merkingar á frystum afla, landanir án samþykkis hafnríkisins og misræmi á milli áætlaðs afla og landaðs afla. Fjöldi brota sem tilkynntur var til NEAFC skrifstofunnar og fánaríkja þeirra skipa sem áttu í hlut var eftirfarandi á árinu 2018:

- 1 brotaskýrsla vegna misræmis á áætluðum afla og lönduðum afla
- 1 brotaskýrsla vegna ófullnægjandi merkinga á frystum afla.

5.8 NEAFC hafnríkiseftirlit

Ár	2017			2018		
	Landanir /Umskipanir	Eftirlit	Hlutfall	Landanir/Umskipanir	Eftirlit	Hlutfall
Frosin afli	130	11	7,9%	119	10	8,0%
Ferskur afli	128	27	19,7%	142	9	6,1%
Frosin og ferskur afli	9	0		6	0	

6. Útflutningur

Fiskistofa safnar upplýsingum um magn og verðmæti þess afla sem fluttur er óunninn á erlenda fiskmarkaði. Alls voru 41.972 tonn flutt út á árinu. Það er um 22% aukning frá fyrra ári.

Lönd og magn

Í töflu 6.1 má sjá yfirlit yfir útflutning á óunnum ísuðum afla eftir tegundum og löndum árið 2017 og 2018. Eins og sést þar er verulegur samdráttur í útflutningi til Bretlands en talsverð aukning í útflutningi til Þýskalands og Frakklands.

Útgáfa vottorða

Fiskistofa hefur um nokkurra ára skeið borið ábyrgð á að gefa út veiði- og vinnsluvottorð sem nauðsynleg eru við útflutning á sjávarafurðum og staðfesta að afurðirnar eigi uppruna sinn í löglegum veiðum. Evrópusambandið skilgreindi kröfur um þetta efni á sínum tíma og vottorðin eru sniðin að tilskipun þaðan en það færast æ meir í aukana að gerð er krafa um þessi vottorð til útflutnings til landa utan ESB. Þannig eru þessi vottorð t.d. nauðsynleg á mikilvægum mörkuðum í Austur-Evrópu og víða í Asíu. Frá áramótum 2018 gerðu bandarísk stjórn-

6.1 Útflutningur á óunnum fiski eftir söluöldum 2017 og 2018 (tonn)

Fisktegund	Alls 2018	Bretland	Danmörk	Frakkland	Færeyjar	Þýskaland	Aðrir
Þorskur	10.211	4.294	329	117	0	1.490	3.982
Ýsa	6.548	6.202	11	25	0	209	102
Ufsi	4.720	94	92	168	63	2.713	1.590
Lýsa	358	201	0	148	0	1	8
Karfi / Gullkarfi	9.831	247	144	3.512	0	5.643	285
Langa	407	120	0	180	0	37	70
Blálanga	41	4	0	16	0	14	7
Keila	7	0	0	3	0	3	0
Steinbítur	1.177	144	0	809	0	96	128
Hlýri	71	4	0	17	0	13	38
Skötuselur	150	55	8	37	0	8	42
Skata	8	8	0	0	0	0	0
Grálúða	937	3	167	626	0	37	104
Skarkoli	3.041	873	33	349	0	48	1.737
Þykkvalúra / Sólkoli	916	648	8	23	0	16	221
Langlúra	133	23	6	0	0	0	104
Stórkjafra / Öfugkjafra	38	5	0	0	0	1	32
Djúpkarfi	3.072	12	0	554	0	2.506	0
Aðrar tegundir	308	15	0	40	0	15	238
Samtals	41.972	12.953	797	6.623	63	12.849	8.686

Fisktegund	Alls 2017	Bretland	Danmörk	Frakkland	Færeyjar	Þýskaland	Aðrir
Þorskur	6.411	6.023	0	201	0	173	13
Ýsa	3.892	3.872	0	5	0	1	14
Ufsi	1.822	45	119	352	122	1.185	0
Lýsa	235	222	1	11	0	1	0
Karfi / Gullkarfi	11.398	606	25	2.933	0	7.831	3
Langa	685	516	0	97	0	71	0
Blálanga	156	27	0	18	0	112	0
Keila	50	3	0	42	0	5	0
Steinbítur	2.244	717	40	695	0	647	146
Hlýri	108	16	4	44	0	44	0
Skötuselur	90	54	0	22	0	14	0
Skata	9	8	0	0	0	0	0
Grálúða	844	8	0	775	0	61	0
Skarkoli	2.609	2.445	21	12	0	12	119
Þykkvalúra / Sólkoli	693	680	0	2	0	6	4
Langlúra	176	145	0	27	0	4	0
Stórkjafra / Öfugkjafra	109	86	0	0	0	24	0
Djúpkarfi	1.820	8	0	106	0	1.706	0
Aðrar tegundir	155	15	0	138	0	3	0
Samtals	33.506	15.496	210	5.477	122	11.902	299


völd kröfu um svipuð vottorð vegna innflutnings þangað á nokkrum tegundum, þ.á m. þorski. Fiskistofa vann að því í samvinnu við hagsmunaaðila og stjórnvöld að koma upp rafrænni útgáfu vottorða vegna viðskiptanna við Bandaríkin og var það tilbúið tímanlega fyrir árslok 2017.

Á árinu 2018 voru gefin út 34.947 rafræn veiðivottorð sem er tæplega 27% fækkun frá fyrra ári. Útgefin vinnslu-

vottorð 2018 voru 608 og fækkaði þeim um rúmlega 5% á milli ára.

Frá árinu 2007 hefur Fiskistofa séð um útgáfu á leyfum til út- og innflutnings á afurðum sjávardýra sem heyra undir svonefndan CITES-samning. Á árinu gaf Fiskistofa út 39 slík leyfi en á árinu 2017 voru þau 25 talsins.

Aðallega var um útflutning á hvalaafurðum að ræða bæði til vísindaiðkunar og sölu.



7. Lax- og silungsveiði


Hafrannsóknastofnun safnar upplýsingum um veiði á laxi og silungi í umboði Fiskistofu og gefur árlega út skýrslu með samantekt um veiðina. Samkvæmt bráðabirgðatölum yfir stangveiði á laxi sumarið 2018 veiddust um 46.000 laxar, sem er heldur minna en veiddist sumarið 2017 en yfir meðalveiði sl. 44 ára (Mynd 7.1). Mynd 7.2 sýnir netaveiði á laxi á árabílinu 1974 til 2017.

Í tölum um heildarlaxveiði eru þeir laxar sem upprunnir eru úr sleppingum gönguseiða og einnig þeir laxar sem er sleppt aftur í stangveiði (veitt og sleppt). Laxar úr gönguseiðasleppingum eru viðbót við náttúrulega framleiðslu ána og þegar veitt er og sleppt í stangveiði


veiðast sumir fiskar oft en einu sinni. Til að fá samanburð við fyrri ár mat Hafrannsóknastofnun hver laxveiðin hefði orðið ef engu hefði verið sleppt aftur og veiði úr sleppingum gönguseiða var dregin frá heildarveiðinni. Niðurstaðan úr þeirri greiningu leiðir í ljós að stangveiði á laxi 2018 hefði verið um 31.000 laxar, sem er aðeins undir meðalveiði villtra laxa.

Í öllum landshlutum varð aukning frá árinu á undan, að Norðurlandi frátöldu, þar sem veiði minnkaði frá 2017. Veiði í ám á Suðvesturlandi (Reykjanes), Vesturlandi, Vestfjörðum og Austfjörðum var meiri en árið 2017, en hlést svipuð á Suðurlandi. Veiði dróst saman á Norður-

7.1 Fjöldi stangveiddra laxa á Íslandi 1974–2018 skipt í aflu, veitt og sleppt og aflu úr sleppingum gönguseiða



7.2 Netaveiði á laxi 1974 til 2017



landi eystra og Norðurlandi vestra. Laxveiðin sumarið 2018 var fremur jöfn yfir veiðitímann og aðstæður til veiða almennt góðar.

Vorið 2009 hófst samstarf milli Veiðimálastofnunar og Fiskistofu um hönnun á forriti til notkunar við rafræna skráningu í veiðibækur. Hugsunin er sú að þeir sem ábyrgð bera á veiðiskráningu fái aðgang að sérstökum gagnagrunni til skráningar. Fiskistofa fékk það hlutverk að hanna slíkan gagnagrunn en Veiðimálastofnun skipulagði og fylgdist með notkun hans í lykilám. Eldri veiði upplýsingar hafa verið lesnar inn í gagnagrunnin þannig að nú er þar að finna heildstæðar upplýsingar um veiði í íslenskum ám undanfarna áratugi. Sumarið 2018 var tíunda sumarið sem laxveiði var skráð í þennan rafræna gagnagrunn. Þegar rafræn skráning verður orðin almenn hjá veiðifélögum, eins og stefnt er að, mun það spara mikla vinnu við innslátt gagna sem Hafrannsóknastofnun annast. Sú breyting hefur átt sér stað að upplýsingatæknimenn sem önnuðust gerð hugbúnaðarins eru nú starfsmenn Hafrannsóknastofnunar. Áframhaldandi þróun á viðmóti til að taka við og miðla upplýsingum um lax- og silungsveiði verður þó áfram samstarfsverkefni Hafrannsóknastofnunar og Fiskistofu. Eins og áður verður veiðibókum úthlutað til veiðifélaga og upplýsingum um veiði safnað í þær við veiðiár.

Á árinu voru seld 350 útvortis slöngumerki til að merkja laxfiska ásamt 90.000 örmerkjum vegna seiðasleppinga og rannsókna tengdum þeim. Kaupendur voru bæði ýmsir sem rannsaka fisk í ám og vötnum og stangveiði eða veiðifélög vegna sleppinga á veiddum laxi í ár. Skila skal skýrslu um notkun merkjanna til Fiskistofu. Á haust dögum 2017 og í byrjun árs 2018 bárust 311 örmerkja snoppur til Hafrannsóknastofnunar og Laxfiska ehf til aflestrar vegna laxa sem veiddust árið 2017. Einnig bárust frá veiðimönnum um 28 útvortis merki. Lesin merki eru færð í gagnagrunn sem borinn er saman við merkjagrunn til að fá nánari upplýsingar um sleppihópa sem viðkomandi merki tilheyrir. Upplýsingar um merka laxa eru sendar til Alþjóða hafrannsóknaráðsins (ICES). Samtals örmerktu Hafrannsóknastofnun og Laxfiska ehf 73.088 laxaseiði 2017 sem síðan komu fram í veiðum 2018 sem eins árs lax. Um 8,7% laxaseiðanna voru af náttúrulegum uppruna (ekki eldisseiði). Til viðbótar 2018 voru 272 laxar merktir með útvortis merki.

Á undanförunum árum hefur Fiskistofa veitt útdráttar verðlaun fyrir veiðimenn sem skilað hafa inn fisk merkjum. Megintilgangur verðlaunanna er að hvetja veiðimenn til að skila merkjum úr laxfiskum en endurheimtur á merktum fiskum geta gefið mikilvægar upplýsingar um líffræði þeirra og atferli. Fiskistofa mun veita slík verðlaun vorið 2019.

Veiðifélög og veiðivarsla.

Samkvæmt VI. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði ber Fiskistofa ábyrgð á því að stofnun veiðifélaga og starfsemi þeirra sé í samræmi við lög. Þannig staðfestir hún og birtir samþykktir og arðskrár veiðifélaga í Stjórnartíðindum. Á árinu voru þrjár samþykktir veiðifélaga til umfjöllunar. Þrjár nýtingaráætlanir veiðifélaga voru til umfjöllunar hjá Fiskistofu. Í þeim koma fram þær reglur sem veiðifélög hafa sett með það að markmiði að viðhalda sjálfbærum lax- og silungsveiðum í ám og vötnum. Í nýtingaráætlunum er tiltekið leyfilegt veiðiálag og gefinn upp fjöldi stanga eða neta sem heimilt er að nota. Miðað er við að stangafjöldi sé bundinn til átta ára en hvers konar friðunaraðgerðir eru ótímabundnar og háðar ákvörðun veiðifélags hverju sinni. Öllum veiðifélögum ber að setja sér nýtingaráætlun. Enn eiga mörg veiðifélög eftir að skila nýtingaráætlunum, einkum fyrir veiði í sjóbirtings- og sjóbleikjuám.

Fiskistofa fjallar um fiskræktaráætlanir veiðifélaga í samræmi við lög nr. 58/2006 um fiskrækt. Árið 2018 voru sex fiskræktaráætlanir veiðifélaga til umfjöllunar hjá Fiskistofu. Ábendingar og upplýsingar sem borist hafa Fiskistofu benda til þess að tilvik séu um að fiskrækt sé stunduð án þess að fyrir liggi staðfest fiskræktaráætlun. Fiskistofa vinnur nú að því að bæta stjórnsýslu, upplýsingaöflun og eftirlit vegna fiskræktar.

Fiskistofu ber að úrskurða ef upp kemur ágreiningur innan veiðifélags um ákvarðanir og stjórnarhætti. Sjó mál bárust Fiskistofu vegna ágreinings um lögmati ákvörðunar í veiðifélagi á árinu 2018.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður sem hefur það hlutverk að veita lán og styrki til að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu og styðja við rannsóknir í ám og vötnum. Breyting var gerð á lögum um fiskræktarsjóð og hefur verið fallið frá innheimtu gjalds frá veiðifélögum í sjóðinn. Áfram verða þó veittir styrkir úr sjóðnum. Stjórn sjóðsins fer með fjármál hans og úthlutar árlegum styrkjum vegna ýmissa verkefna. Núverandi formaður sjóðsins er Páll Árni Jónsson. Á vef Fiskistofu eru nánari upplýsingar um sjóðinn og skrá yfir úthlutanir Fiskræktarsjóðs fyrir árið 2018 og fyrri ár.

Skipulagsmál, mannvirkjagerð og efnistaka

Fiskistofa gefur út leyfi vegna framkvæmda við ár og vötn. Mörg erindi berast sem snúa að efnistöku. Þegar um minniháttar malartekju úr áreyrum hefur verið að ræða, og ekki er talið að lífríki skaðist, hefur landeigendum verið veitt heimild til langs tíma, allt að 5 árum. Sama gildir um árlega lagfæringu á farvegum ána og veiðivegum á vorin fyrir veiðitíma. Nokkuð er um að efnistaka fari fram í óleyfi, en það eykur hættu á því að skaði hljóti af. Þegar ábendingar koma fram um slíkt hefur Fiskistofa rannsakað málin og látið stöðva fram-

kvæmdir eftir atvikum. Árið 2018 voru 49 leyfi veitt vegna margvíslegra framkvæmda við ár og vötn.

Fiskistofa veitir ýmsum umsagnir: Orkustofnun vegna leyfisveitinga, Skipulagsstofnun vegna mats á umhverfisáhrifum og sveitarfélögum vegna skipulagsmála þegar framkvæmdir geta haft áhrif á lífríki í ám og vötnum. Á árinu 2018 voru til umfjöllunar 74 slík erindi.

Eftirlit með veiðum á laxfiskum

Fiskistofa gefur út skipunar- og erindisbréf til veiðivarða sem veiðifélög ráða til sín, en með þeim fá veiðiverðir m.a. heimild til að leggja hald á ólögleg veiðitæki og afla. Alls voru 40 slík bréf gefin út á árinu. Mörg veiðifélög sækja ekki um skipunar- og erindisbréf fyrir veiðiverði sína og því hafa þeir ekki heimildir sem gagnlegt væri að hafa í því starfi. Auk veiðivarða veiðifélaga réði Fiskistofa eftirlitsmann yfir sumarmánuðina, einkum til að kanna netalagnir í sjó í samvinnu við almenna eftirlitsmenn Fiskistofu. Afskipti voru höfð af aðilum sem athöfnuðu sig með net við ós Hópsins og var málinu vísað til lögreglu. Eftirlitsflug var reglulega farið á Vesturlandi og á Norðurlandi.

Fiskeldi og slysasleppingar

Lax- og silungsveiðisvið Fiskistofu hefur það hlutverk að bregðast við og stjórna veiðum ef slysaslepping verður úr fiskeldi. Í febrúar 2018 barst tilkynning frá Arnarlaxi um laskaða kví, en ekki var talið að fiskar höfðu sloppið. Viðbragðsáætlun vegna hugsanlegrar slysasleppingar var ekki virkjuð. Arnarlax tilkynnti um slysasleppingu í Tálknafirði þann 6. júlí. Viðbragðsáætlun var virkjuð og voru net lögð við kvíarnar með aðkomu eftirlitsmanna Fiskistofu. Alls veiddust 5 laxar í net við kvíarnar í aðgerð sem stóð í 9 daga. Í reglubundnu eftirliti Fiskistofu verður fylgst með því sumar og haust 2019 hvort vart verði við eldisfiska í ám í Tálknafirði og nágrenni. Fiskistofa fékk tilkynningu um óhapp hefði orðið við losun á kerri viðeldisstöð N-lax að Auðbrekku þann 15. ágúst. Sluppu 19 regnbogasilungar í afrennsli stöðvarinnar. Endurheimtust 17 regnbogasilungar en tveir bárust í fráveitukerfi bæjarins. Ekki þykir líklegt að fiskarnir hafi komist lifandi til sjávar, en þó er ekki hægt að útiloka það. Jafnframt kannaði Fiskistofa hvort eldisfiska væri að finna í ám á Vestfjörðum í reglubundnu eftirliti sínu og voru sýni af fiskum send til Hafnannsóknastofnar af fiskum sem grunur var um að væru eldisfiskar.



8. Meðferð mála

Fiskistofa annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum. Veiðieftirlitsmenn stofnunarinnar sinna eftirlitsstörfum á vettvangi, en hluti af eftirlitinu fer fram með rafrænum hætti. Þegar grunur vaknar um að brot hafi verið framið gegn fiskveiðistjórnunarlöggjöfnni er málinu jafnan skotið til lögfræðisviðs Fiskistofu til framhaldsmeðferðar, verði málinu ekki lokið með einfaldari hætti.

Brotamál

Á árinu 2018 vaknaði grunur um brot gegn lögum og reglum á sviði fiskveiðistjórnunar í rúmlega 1.800 tilvikum. Þar af voru 399 mál vegna vanskila á afladagbókum. Yfir 1.160 mál voru til afgreiðslu vegna veiða umfram eða án aflaheimildar, en þau teljast, strangt til tekið, ekki öll til beinna brotamála. Í töflu 8.1 má sjá sundurgreiningu á tegundum brotamála.

8.1 Yfirlit yfir brotamál

Flokkun brotamála	
Veiðar án veiðileyfis	25
Brotkast	12
Brot á reglum um vigtun afla	22
-Þar af brot af hálfu vigtunarleyfishafa	19
Framhjálöndun	6
Afladagbókarbrot	58
-Þar að auki mál vegna vanskila á afladagbókum	399
Veiðar án aflaheimilda	5
-Þar að auki mál vegna umframafla	1.162
Brot á lögum um lax og silungsveiði	3
Undirmál rangt flokkað	14
Röng tilgreining tegunda	0
Brot við grásleppuveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessari, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	39
Brot við strandveiðar (hafa ber í huga að þessi mál geta á sama tíma fallið undir aðra flokka í upptalningu þessarar, t.d. veiðar án leyfis, afladagbókarbrot ofl.)	4
Önnur brotatilvik (t.d. brot gegn reglum um merkingar veiðarfæra, aflaskráningu, vinnslu, tilkynningar, tegundagreiningar síldar og nýtingaprufur)	51

Við skoðun á yfirliti yfir brotamál og meðferð mála skal hafa í huga að sum mál eru þess eðlis að í einu og sama málinu getur komið inn á fleiri en einn brotaflokk og í sumum tilfellum eru mál sameinuð. Slíkt getur skekkt tölfræðina.

Meðferð mála

Á árinu 2018 var 239 máli vísað til lögfræðisviðs og frekari meðferðar, þar sem grunur lék á að brot hefði verið framið gegn fiskveiðistjórnarlöggjöfnni. Málsmeðferð lauk í 185 þeirra á árinu, auk 46 annarra mála sem ólokið var frá fyrra ári. Við árslok 2018 voru 53 mál enn til meðferðar hjá lögfræðisviði. Meðferð brotamála getur lokið með ýmsum hætti. Málsmeðferð kann að vera hætt þannig að ekkert verði aðhafst þegar ekki er talið tilefni til beitinga viðurlaga og er þá mál fellt niður. Í einhverjum tilfellum lýkur veiðieftirlitssvið málum með leiðbeiningu til útgerðar. Eftir að málum hefur verið vísað til lögfræðisviðs getur þeim lokið með beitingu stjórnsýsluviðurlaga, sem eftir atvikum geta falið í sér áminningu, veiðileyfissviptingu eða afturköllun vigtarleyfis. Lítil hluti brotamála er kærður til lögreglu.

Í töflu 8.2 er að finna yfirlit yfir tegundir brotamála sem til meðferðar voru ásamt upplýsingum um málalok.

8.2 Meðferð mála

Brotamál	
Mál kærð til lögreglu	4
Áminningar	92
-Vegna brota gegn reglum um veiðar	49
-Vegna brota gegn reglum um vigt og skráningu	14
-Vegna brota á reglum um afladagbók	27
-Annað	2
Veiðileyfissviptingar á grundvelli brotamáls	25
-Vegna brota gegn reglum um veiðar	14
-Vegna brota gegn reglum um vigtun og skráningu	8
-Vegna brota á reglum um afladagbók	3
-Annað	0
Afturköllun vigtunarleyfis	6
Ekki tilefni til beitingar viðurlaga	59
Mál sent öðru stjórnvaldi	5
Málsmeðferð enn í gangi	53
Leiðrétting í GAFL (Hafa ber í huga að mál geta endað með leiðréttingu í GAFL ásamt viðurlögum.)	19
Leiðbeiningarbréf frá Veiðieftirlitssviði	7
Innheimtumál	
Ítrekunarbréf vegna ógreiddra veiðigjalda á árinu 2018	234
-Veiðileyfissviptingar	78
Álagning gjalds vegna ólögsmæts sjávarafla	1.150
-Veiðileyfissviptingar	77

9. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalda, skv. lögum um veiðigjöld nr. 74/2012 og gjalds vegna ólögmæts sjávarafla, skv. lögum nr. 37/1992. Hingað til hefur Fiskistofa innheimt fiskræktarsjóðsgjalds en það hefur verið lagt niður.

Veiðigjald

Veiðigjald er lagt á landaðan afla og er það innheimt mánaðarlega fyrir næstliðinn mánuð. Veiðigjald er tiltekin krónutala á hvert kg landaðs afla, mismunandi eftir fisktegundum. Sjá álögð veiðigjöld í töflu 9.1.

9.1 Álagning veiðigjalda (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2016/2017	2017/2018
Almennt veiðigjald	5,7	11,5
Afsláttur (gjaldfrjáls veiði)	0,2	0,3
Lækkun skv. bráðabirgðaákvæði	0,9	
Álagt veiðigjald alls	4,6	11,2

Ólögmætur sjávarafla

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávarafla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 9.2). Við almenna álagningu gjaldsins er fiskveiðiárinu skipt í fjögur þriggja mánaða tímabil og hvert tímabil er gert upp sér. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskíló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2018 voru alls 1.089 og fækkaði um 76 frá 2017 eða um rúmlega 6,5%. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 26,2 milljónum kr. sem er hækkan upp á 2,7 miljónir eða tæp 11,8%. Í töflu 9.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

9.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávarafla

	2015	2016	2017	2018
Fjöldi mála á árinu	95	65	36	61
Heildarálagning kr.	15.844.682	972.558	21.039.769	38.785.137
Heildarinnheimta kr.	4.983.578	966.331	20.532.981	32.795.489

9.3 Álagning í strandveiðum 2018

Mánuður	Fjöldi álagninga	Heildarupphæð (kr)	Meðal álagning í mánuði (kr)
Maí	238	5.271.852	22.151
Júní	271	6.451.256	23.805
Júlí	312	8.359.131	26.792
Ágúst	268	6.089.156	22.721
	1.089	26.171.395	23.867



10. Mannauður

Hinn 31. desember 2018 voru starfsmenn Fiskistofu 61 talsins í 60,1 stöðugildum á 6 starfsstöðvum um landið en eins og síðustu áramót voru 3 stöðugildi ómönnuð það er viðkomandi hafði ekki hafið störf eða ekki hafði enn verið gengið frá ráðningu. Starfsmannavelta Fiskistofu árið 2018 var 13,1% en starfsmannavelta er skilgreind sem hlutfall þeirra starfsmanna sem hætta störfum á viðkomandi ári af heildarfjölda starfsmanna í árslok.

Eftirtaldir fastráðnir starfsmenn létu af störfum á árinu:

Daníel Þorgeirsson, Jón Valgeir Guðmundsson, Jónína Hansen, Steingrímur Guðjónsson og Örn Sævar Hólm.

Starfsþróun og þekkingarmiðlun

Mikil auðlind felst í þeirri breiðu þekkingu og menntun sem starfsfólk Fiskistofu býr yfir en 49,2% starfsmanna Fiskistofu hafa fyrstu háskólagráðu eða frekari menntun. Stór hluti annarra starfsmanna hefur skipstjórnarmenntun, fiskiðnaðarmenntun, stúdentspróf eða iðnmenntun. Fiskistofa leggur m.a. áherslu á að starfsmenn þróist í starfi, að þekkingin sé eftir mætti fönguð í ferla og að starfsmenn miðli þekkingu sín á milli. Í því ljósi er unnið markvisst eftir starfsþróunarstefnu þar sem skýr vilji stofnunarinnar til virkrar þekkingarmiðlunar var settur fram og leiðir, ábyrgð og verklag endurskoðað.

Árið 2018 var fjölbreytt fræðsla í boði og unnið var út frá starfsþróunaráætlun. Innanhúss var m.a. boðið upp á eftirfarandi námskeið:

Haldið var áfram með grunn og framhaldsnámskeið í excel og að auki bætt við 4 skipta námskeiði um gagnasöfn SQL. Einnig var bætt við í kennslu á nýja skjalakerfið, Workpoint.

Framhald var á námskeiðsröðinni „starfsmaðurinn ég að gera gott betra“ þar sem hlutar 2 og 3 fóru fram.

Starfsmönnum var boðið upp á námskeið í Outlook sem ber heitið „Nýttu möguleikana“. Þar var um að ræða 2 námskeið, annarsvegar grunn námskeið og hins vegar framhaldsnámskeið.

Undir lok ársins hófst 6 fyrirlestra röð í sjávarútvegsfræði þar sem m.a. var farið yfir umhverfi og nytjastofna, stjórnkerfi fiskveiða sem og skip og útgerðir.

Starfsmönnum á veiðieftirlitssviði var boðið upp á 12 kennslustundir í sjávarútvegstengdri ensku og fór hluti þeirra fram á haustönn 2018.

Haldin var sérstök vinnustofa fyrir stjórnendur um örsamtöl og endurgjöf. Jafnframt var mikil áhersla á árinu

á nýja persónuverndarlöggjöf og innleiðing á 4 Dx og var nokkur fjöldi námskeiða, vinnudaga og funda vegna þess.

Annað stórt verkefni sem tók mikla athygli á árinu var gerð jafnlaunakerfis sem bíður vottunar fyrirpart árs 2019.

Megnið af fyrirlestrum sem voru í boði árið 2018 voru teknir upp og því ávallt aðgengilegir þeim starfsmönnum sem ekki höfðu tók á að sitja fræðsluna og hefur það reynst vel.

Stefna Fiskistofu er að allir starfsmenn hittist tvisvar sinnum á ári á starfsdegi. Í ár var fyrri starfsdagurinn haldinn í Krakow í Póllandi en ferðin var frá 18–22 apríl. Fengin var fræðsla um fiskeldi á svæðinu. Silungabýlið sem var heimsótt er staðsett á svæði skammt frá Ojcowski þjóðgarðinum. Tilgangur með heimsókninni var að kynna sér stjórnábylgju málaflokksins í Póllandi, alla starfsemi á býlinu, framleiðsluferlið og einnig hvernig þeir fyrirbyggja eða lágmarka áhrif á umhverfið.

Jafnframt var árshátíð starfsmanna haldin.

Seinni starfsdagur ársins var haldinn á Akureyri 20. september og hófst hann á fyrirlestri sem bar heitið „óstöðvandi ég“. Persónuverndarlögin voru kynnt, af-rakstur stefnumótunarvinnu og staða mála og að lokum var kynning á niðurstöðum könnunarinnar „Stofnun ársins“ og í framhaldinu var hópavinna því tengdu.

Að auki héldu stærri svið sér starfsdag.


Fræðslustundir héldu áfram göngu sinni en almennt er um jafningjafraðslu að ræða, þ.e. að starfsmenn fræða samstarfsmenn sína um margvísleg málefni, bæði vinnu og ekki vinnutengd, og voru 8 þannig stundir haldnar á árinu.

Margvísleg önnur símenntun átti sér stað s.s. sóttu starfsmenn ráðstefnur bæði hérlendis og erlendis, nýttu sér aðgang að fræðslu sem Fiskistofa hefur keypt s.s. að stjórnvísi. Fjöldi starfsmanna sóttu námskeið á sérsviði viðkomandi, en samþykkt voru um 50 slík námskeið á árinu. Einnig var ýmis önnur óformleg fræðsla á sviðs- og stjórnendafundum svo dæmi sé tekið.

Tölulegar upplýsingar varðandi mannaúð og þróun

Meirihluti starfsmanna Fiskistofu eru karlar eða um 64% starfsmanna (sjá mynd 1). Í yfirstjórn Fiskistofu eru 4 karlar og 2 konur. Meðalaldur starfsmanna Fiskistofu er 50,5 ár og hefur lækkað aðeins á milli ára. Meðalaldur kvenna er um 6,2 árum lægri en karla. 55% starfsmanna

10.1 Kynjahlutfall starfsmanna Fiskistofu




eru 54 eða yngri og eru 9,7% starfsmanna Fiskistofu eru 65 ára eða eldri.

Meðalstarfsaldur starfsmanna Fiskistofu er 7,9 ár og hefur lækkað um tæpt ár á milli ára. 47,5% starfsmanna hafa starfað fjögur ár eða skemur hjá stofnuninni, tæp 28% starfsmanna í 10 til 19 ár og 9,8% starfsmanna lengur en 20 ár.

Hlutfall veikindafjarvista starfsmanna að vinnudögum er 4,3% en sé leiðrétt fyrir langtímaveikindum þá er hlutfallið 2,9%.

Starfsmönnum og stöðugildum hefur fækkað mikið síðasta áratug eða hefur starfsmönnum fækkað úr 80 í 61 (mynd 2). Gert er ráð fyrir að starfsmannafjöldi muni aukast um 3 stöðugildi skv. gildandi rekstraráætlun en viss óvissa er þó vegna fjárframlaga til lengri tíma. Ríkisendurskoðun gerði úttekt á hluta af starfssemi Fiskistofu á árinu þar sem dregin var fram þessi mikla fækkun en stjórnvöld hafa ekki enn tekið ákvörðun um hvort fjölga eigi starfsmönnum en slíkt krefst aukinna framlaga til Fiskistofu.

10.2 Þróun starfsmannafjölda og stöðugilda frá árinu 2008



11. Upplýsingatækni

Í heimi mikilla og hraðra breytinga er mikilvægt að sofna ekki á verðinum, sér í lagi ekki þegar um er að ræða upplýsingatækni. Þar getur verið snúid að veðja á réttan hest enda ekki alltaf ljóst hvaða tæknilausnir verða ráðandi í náninni framtíð.

Ljóst er að Fiskistofa glímur við mikla tækniskuld í upplýsingatæknimálum, sem er ekki óalgengt hjá ríkisstofnunum sem sæta niðurskurði og þurfa að eyða miklum tíma í að halda við eldri tölvukerfum í takt við breytingar á löggjöf sem oft á tíðum kalla á mikinn uppskurð á kerfum sem við það flækjast enn frekar.

Mikilvægt er að opinberar stofnanir dragist ekki afturúr í tæknimálum og að séu framsæknar í þróun upplýsingatæknilausna. Nýjar kröfur bæði hvað varðar öryggi upplýsinga og notendaviðmót kerfa kalla á nýjar aðferðir sem starfsfólk þarf að tileinka sér.

Upplýsingatæknisvið fór á árinu í stefnumótunarvinnu með ráðgjöfum frá Capacent og var sú vinna bæði skemmtileg og fræðandi. Niðurstaða þessarar vinnu var meðal annars sú að þörf væri á að breyta tækni- og þróunarumhverfi og fara að nota skjjalausnir í meiri mæli.

Þó svo að vitanlega taki tíma bæði að mennta fólk í nýrri tækni og endurhanna kerfi þá er ljóst að þessi fjárfesting mun skila sér í sveigjanlegri og öflugri tækniarkitektúr og gefa okkur aukinn slagkraft þegar kemur að þróun lausna í síbreytilegu rekstarumhverfi.

Mikilvægur þáttur í framþróun er að efla stafræna þjónustu. Nýir möguleikar svo sem pósthólf island.is og leyfisveitingagátt gera mögulegt að samræma þjónustu opinberra aðila og setja undir sama hatt, þjónustugátt Ísland.is.

Fiskistofa ætlar sér að taka fullan þátt í þessar þróun og hafa starfsmenn upplýsingatæknisviðs verið í samstarfi við verkefnastjórn Stafræns Íslands í því skyni að aðlaga kerfi Fiskistofu að þjónustugáttinni.

Stefnt er að því að á árinu 2019 munu kerfi Fiskistofu tengjast þjónustugáttinni og má reikna með að hluti af póstsendingum, sem hingað til hafa verið á bréfformi, færist yfir í stafrænar sendingar í pósthólf island.is

Ýmsar fleiri breytingar eru í farvatninu og munu líta dagsins ljós á árinu 2019.



12. Rekstraryfirlit Fiskistofu 2018

Samkvæmt rekstraryfirliti Fiskistofu námu gjöldin á árinu 2018 986,8 milljónum króna.

Hæsti útgjaldaliður stofnunarinnar eru laun og launatengd gjöld eða um 70% af heildarútgöldum. Húsnæðiskostnaður nam 87,9 millj., en Fiskistofa borgaði 100,5 millj. í húsaleigu, en fékk á móti húsaleigutekjur upp á 12,6 millj vegna framleigu á hluta húsnæðisins í Dalshrauni í Hafnarfirði til Matvælastofnunar. Aðkeypt þjónusta er um 9,45% af heildarútgöldum eða 93,2 millj., ferða og fundakostnaður 63,3 millj. sem er um 6,42% af heildarkostnaði. Sjá nánar á meðfylgjandi mynd yfir skiptingu gjalda Fiskistofu.


Varanlegir rekstrarfjármunir eru í dag eignfærðir og afskrifaðir í takt við endingartíma í stað þess að vera gjaldfærðir á kaupári eins og var fyrir 2017. Einnig er nú tekið tillit til orlofsskuldbindingar.

Helstu eignakaup Fiskistofu á árinu 2018 voru kaup á tveimur bifreiðum, en á móti voru seldar tvær bifreiðar frá árinu 2010.


Framlag ríkisins til Fiskistofu á árinu 2018 var ríflega 862,9 milljónir sem skiptist í framlag til rekstrar kr. 844,3 millj. og framlag til afskrifta kr. 18,6 millj. Tekjur stofnunarinnar námu 116,4 millj. Tekjurnar skiptast í sértekjur og aðrar rekstrartekjur, en markaðar tekjur renna beint til ríkissjóðs. Sértekjur Fiskistofu á árinu 2018 námu 34,9 milljónum, en aðrar rekstrartekjur voru tæplega 81,5 milljónir.

Tap varð á rekstri stofnunarinnar upp á 7,5 millj., sem er þó mun lægra en áætlað hafði verið. Eigið fé rýrnar því aðeins og var í árslok 2018 ríflega 71 milljón.

Tekjur 2018



Gjöld 2018



Rekstrarstaða 2018		
Gjöld	2018	2017
Laun og launatengd gjöld	734.128.725	741.505.334
Laun og launatengd gjöld	687.162.041	734.128.725
Húsnæði	100.448.648	99.871.463
Aðkeypt þjónusta	93.284.336	66.785.107
Ferðir og fundir	63.323.593	59.467.890
Rekstrarvörur	15.581.647	13.793.040
Rekstur bifreiða	7.941.408	7.631.963
Vextir, bætur og tilfærslur	458.665	240.216
Afskriftir	18.621.984	18.711.065
Gjöld samtals:	986.822.322	1.000.629.469
Tekjur		
Sértekjur	34.902.322	19.324.781
Aðrar reksrartekjur	81.476.163	81.186.463
Tekjur samtals:	116.378.485	100.511.244
Framlag skv. fjárlögum ársins		
Framlag til rekstrar	844.300.000	884.381.635
Framlag til afskrifta	18.621.984	18.711.065
Framlög skv. fjárlögum samtals:	862.921.984	903.092.700
Hagnaður/tap ársins	-7.521.853	2.974.475
Flutt frá fyrra ári	78.591.987	75.617.512
Eigið fé í árslok:	71.070.134	78.591.987



Sundurliðun tekna 2018

Sértekjur	2018
Húsaleiga	12.556.788
Kostn. hlutd. í sameiginl. húsnæði	4.275.257
Kostn. hlutd. í sameiginl. þjónustu	7.639.714
Tæki, búnaður og áhöld	999.500
Styrkir frá opinberum aðilum	8.426.905
Aðrar tekjur	1.004.158
Sértekjur samtals:	34.902.322
Aðrar rekstrartekjur	
Vottorð og leyfi Fiskistofu	9.282.344
Aðgangur að gagnaveitu Fiskistofu	1.515.800
Vigtunarleyfi Fiskistofu	2.552.100
Leyfi til framkvæmda við ár og vötn	619.200
Eftirlit í lögsögu	39.820.800
Úthlutun aflaheimilda og byggðakvóta	9.169.700
Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild	12.380.911
Tilkynning um stöðu aflaheimilda	4.798.700
Afladagbók	414.700
Sala annarra fastafjármuna	921.908
Aðrar rekstrartekjur samtals:	81.476.163
Tekjur samtals árið 2018:	116.378.485



13. Starfsmenn Fiskistofu 31. desember 2018

Eyþór Björnsson, fiskistofustjóri

Skrifstofa Fiskistofustjóra

Björn Jónsson
Elín Björg Ragnarsdóttir
Hildur Jana Júlíusdóttir
Hreiðar Eiríksson
Margrét Kristín Helgadóttir

Mannauðs- og fjármálasvið

Björk Guðmundsdóttir, deildarstjóri
Halla Björk Garðarsdóttir
Hildur Ösp Gylfadóttir, sviðsstjóri

Lax- og silungsveiðisvið

Guðni Magnús Eiríksson, sviðsstjóri
Sumarliði Óskarsson

Upplýsingatæknisvið

Leifur Magnússon, sviðsstjóri
Anna Sigríður Vilhelmsdóttir
Baldvin Baldvinsson
Bryndís Vigfúsdóttir
Brynjólfur Þórisson
Dóróthea Jónsdóttir
Ragnheiður Ásta Karlsdóttir
Svavar Ottesen Berg
Þórarinn Hólm Andrésson

Veiðieftirlitssvið

Árni Dan Ármannsson
Áslaug Eir Hólmgeirsdóttir, sviðsstjóri
Hrannar Már Ásgeirsson
Njáll Ragnarsson
Sævar Guðmundsson, deildarstjóri – landeftirlit
Viðar Ólason, deildarstjóri – sjóeftirlit

Veiðieftirlitsmenn

Arnar Tryggvason
Árni Jón Erlendsson
Birgir Mar Guðfinnsson
Birgir Smári Karlsson
Björgvin Guðmundsson
Eyþór Þórðarson
Hallvarður Guðni Svavarsson
Heimir Sigurður Karlsson
Ingólfur Ingólfsson
Kristinn Ólafur Kristinsson
Ólafur Vilhjálmsson
Óli Þór Jóhannsson
Rúnar Birgisson
Sigurjón Magnús Skúlason
Sigurpáll Sigurbjörnsson
Steinlaug Annar Þorsteinsdóttir
Valdís Ásgeirsdóttir
Þorbergur Kjartansson
Þórarinn Traustason
Ölver Hjaltalín Arnarson

Veiðieftirlit – vinnsluskip

Ingibergur Sigurðsson
Lína Hildur Jóhannsdóttir
Sigurður Ásgeirsson

Þjónustu- og upplýsingasvið

Alma Sigurðardóttir
Anna Guðrún Árnadóttir
Anna Þormar
Baldvina Karen Gísladóttir
Daði Tryggvason
Guðbjörg Erla Ingólfssdóttir
Gunnar Hallgrímur Sigurðsson
Jódís Lára Gunnarsdóttir
Óttar Gautur E. Erlingsson, deildarstjóri
Sigurbjörg Guðmundsdóttir
Þorsteinn Hilmarsson, sviðsstjóri
Þórunn Margrét Jónasdóttir